# Fundargerðir bæjarráðs 1940

Aðfnr. 7202

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Fundargerðir bæjarráðs

1 9 4 0

.077.5:025.26 - .075.11

Aðfnr. 7202

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALA- OG MINJASAFN
72 : 02
REYKJAVÍKURBÆJAR

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð

F U N D A R G J Ö R Ð I R

1 9 4 0

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 5. janúar kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulöndunum Sogamýrarbl. XI og XI A, fyrir kr. 16500.-. Borgarstjóra heimilað að hafna forkaupsrjetti.

2. Valgerður Sæmundsdóttir, Öld. 41, óskar eftir því, að bæjarstjórn veiti henni meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

3. Eftir tillögu Guðmundar Ásbjörnssonar var bæjarverkfræðingi falið að athuga nú þegar möguleika til ísframleiðslu hjer í bænum til fiskiveiða.

4. Erindi h/f. Raftækjaverksmiðjunnar, Hafnarfirði, um að ganga inn í samninga Raftækjaeinkasölu ríkisins við Rafmagnsveituna um afborgunarsölu eldavjela, vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

5. Lagt fram brjef frá hjeraðslækni, dags. 3.þ.m., þar sem hann óskar að fá til umsagnar tillögur framfærslumálanefndar um sjerstakan trúnaðarlækni bæjarins o.fl.

6. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar, dags. 2. þ.m.

7. Lögð fram skýrsla Alexanders Guðmundssonar um mjólkureftirlit.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 4. þ.m.

9. Lagt fram brjef frá laugaverðinum við Þvottalaugarnar varðandi umferð barna innan girðinga um laugasvæðið. Vísað til borgarstjóra.

10. Rætt um fjárhagsáætlun fyrir bæjarsjóð árið 1940.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson.
Guðm. Eiríksson. Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson. Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, þriðjudaginn 9. janúar, kl. 5 e.h.,hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram frv. að áætlun um tekjur og gjöld bæjarsjóðs árið 1940.

2. Lagt fram og rætt frv. rafmagnsstjóra að áætlun um tekjur og gjöld Rafmagnsveitunnar og Sogsvirkjunarinnar árið 1940.

Rafmagnsstjóri mætti á fundinum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson. Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 12. janúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XVI fyrir kr. 6000.- Hafnað.

2. Lagt fram eftirrit af dómi bæjarþings í máli Guðm. Gunnlaugssonar gegn bæjarsjóði.

3. Lagt fram kauptilboð Skúla Sigurðssonar, Reykjavíkurvegi 9, í jörðina Úlfljótsvatn. Bæjarráð vill ekki sinna tilboðinu.

4. Lagt fram brjef bæjarverkfræðings, dags. 10. þ.m., um möguleika fyrir ísframleiðslu fyrir togara hjer í bænum, svo og tillaga Jóns A. Pjeturssonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.
Guðm. Ásbjörnssyni og Jóni A. Péturssyni falin nánari athugun þessara mála með borgarstjóra og bæjarverkfræðingi.

5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 11. þ.m., um sölu rafmagnseldavjela með afborgunarsölusamningum. Borgarstjóra og rafmagnsstjóra heimilað að semja við Raftækjaverksmiðjuna, Hafnarfirði, um afborgunarsölu rafmagnseldavjela, með þeim skilyrðum, er getur í brjefi rafmagnsstjóra.

6. Lögð fram skýrsla Harðar Bjarnasonar arkitekts um utanför hans s.l. sumar.

7. Lagt fram brjef frá Meistarafjelagi hárgreiðslukvenna, dags. 22. f.m., varðandi lokunartíma hárgreiðslustofa.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 11. þ.m.

9. Erlendur Erlendsson, Lvg. 81, ítrekar beiðni sína um leyfi til að selja heitar pylsur í skúr við húsið Austurstræti 1.

10. Lagt fram brjef frá fulltrúaráði verkalýðsfjelaganna, dags. 8. þ.m., með tilkynningu um ályktun á fundi fulltrúaráðsins 3. þ.m., þar sem skorað er á bæjarstjórn að ætla ríflega fje til atvinnuaukningar nú á yfirstandandi ári.

11. Lögð fram tillaga Haraldar Guðmundssonar, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson. Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1940, þriðjudaginn 16. janúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Rætt um fjárhagsáætlun bæjarins árið 1940 og breytingartillögur, sem fram eru komnar við frumvarpið frá fulltrúum flokkanna í bæjarstjórn.

   Samþ. að bera fram svohljóðandi tillögur:

   a. Bæjarstjórn heimilar bæjarráði að ábyrgjast, eða að taka að láni og leggja fram, allt að kr. 150.000.- til framleiðslubóta og atvinnuaukningar, svo sem framlag til hraðfrystistöðvar og til kaupa á fiskiskipum, enda fáist tilsvarandi framlag annarsstaðar frá.

   b. Bæjarstjórn heimilar borgarstjóra að taka á árinu 1940 rekstурslán, allt að kr. 500.000.- enda samþykki bæjarráð lánskjörin.

2. Ákveðið að opna ljóslækningastofu í Miðbæjarskólanum og taki önnur eftirlitsstúlkan, sem verið hefir í Austurbæjarskólanum, við störfum þar.

3. Erindi Flugfjelags Akureyrar um rafleiðslu að skýli fjelagsins við Skerjafjörð vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 19. janúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð samþykkir því aðeins að erfðafesturjettur að Fossvogsbletti II verði framseldur til Skógræktarfjelags Íslands, að fjelagið greiði erfðafestugjald skv. samningi.

2. Húseigendur við Laugaveg, innarlega, gera kröfu um að skolpræsi verði lagt þannig, að hús þeirra nái til þess. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

3. Samþ. að leggja rafmagnsleiðslu að flugvjelaskýli Flugfjelags Akureyrar við Skerjafjörð með því skilyrði, að fjelagið greiði nú þegar helming kostnaðar.

4. Lögð fram skýrsla um ábyrgðir bæjarsjóðs fyrir lánum með veðrjetti í veiðiskipum.

5. Lögð fram skýrsla sundlaugavarðar um aðsókn að Sundlaugunum árið 1939.

6. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 15. þ.m.

7. Lögð fram skýrsla heilbrigðisfulltrúa um útisalerni í bænum árið 1939.

8. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 18. þ.m.

9. Lögð fram beiðni Leifs Zakaríassonar og Egils Einarssonar um lán eða ábyrgð til þess að kaupa m.b. " Drífa", Norðfirði. Falið borgarstjóra og Jóni A. Péturssyni til meðferðar.

10. Bæjarverkfræðingi falið að gefa skýrslu um rekstur grjótnáms bæjarins síðustu árin.

11. Bæjarráð ákveður að leggja fram skrá yfir gjaldendur, sem skulda útsvör 1. marz næstk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.
Jón A. Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 26. janúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Erindi Guðmundar Ólafssonar, Tungu, um land til kartöfluræktar úr Kaupmannstúni, vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

2. Borgarstjóra heimilað að leigja Stefáni Jakobssyni, Mán.18, og Haraldi Bjarnasyni, Bar. 59, lóðina nr. 1 við Hrefnugötu, en Þorsteinn Konráðsson og Sigurður Þorsteinsson hafa afsalað sjer rjetti til lóðarinnar.

3. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 19. þ.m., varðandi byggingu á lóð h/f. Ísbjörninn við Skothúsveg.

4. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 23. þ.m., viðv. breidd Tjarnargötu. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að breidd götunnar meðfram Tjörninni verði ákveðin 18 metrar frá lóðamörkum að brún uppfyllingar.

5. Lagt fram brjef frá Fjelagi pípulagningameistara Reykjavíkur, dags. 21. þ.m., um ýms atriði viðv. væntanlegri vinnu þeirra við framkvæmdir í sambandi við hitaveituna. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.

6. Eigendur erfðafestulanda í Kópavogs og Digraneslandi beiðast þess, að rafmagnsleiðslur verði nu í vetur lagðar að sumarbústöðum þeirra. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.

7. Húseigendur í hitaveituhverfi Laugaveitunnar fara fram á að gjaldskrá hitaveitunnar verði lækkuð verulega.

8. Samþ. að lækka um helming endurgjald árið 1939 fyrir rekstur og umsjón slökkviliðsins með sjúkrabifreiðum Rauða Krossins, vegna sjerstaks kostnaðar af viðhaldi bifreiðanna.

9. Starfsmannafjelag Reykjavíkurbæjar sendir erindi, dags. 23. þ.m., um að gerðar verði ráðstafanir til þess, að hækka kaup starfsmanna bæjarins vegna dýrtíðar.

10. Stjórn sama fjelags sendir og erindi frá nokkrum starfsmönnum og starfshópum um launahækkun eða tilfærslu í launaflokkum.

11. Georg Magnússon, Bank. 12, beiðist samþykkis bæjarstjórnar til þess að mega sýna kvikmynd fyrir skólafólk á tímabilinu 15. febr. til 15. maí þ.á. Bæjarráð mælir ekki með erindinu.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 25. þ.m.

13. Lögð fram skýrsla Lúðrarsveitar Reykjavíkur um hljómleika sveitarinnar úti við árið 1939.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.
Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1939, föstudaginn 2. febr., kl. 5 e.h.,hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðsins, Guðmundur Ásbjörnsson varaformaður og Stefán Jóh. Stefánsson skrifari.
2. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Fossvogsbletti LI fyrir kr. 5000.-. Hafnað.
3. Samþ. að leyfa Karli Guðmundssyni, Öld. 4 , að byggja íbúðarhús úr timbri, múrhúðað,á erfðafestulandinu Bústaðabletti V, enda hlýti hann skilmálum, sem kunna að verða settir um byggingar íbúðarhúsa á erfðafestulöndum.
4. Synjað beiðni Sveins Þórðarsonar, Óð. 3, um afnot af landi við Háaleitisveg.
5. Byggingarfjelag verkamanna óskar þess í brjefi, dags. 1.þ.m., að fá vatn úr Laugaveitunni í marz-apríl næstk., ef þess væri nokkur kostur, til hitunar á húsum fjelagsins í Rauðarárholti. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
6. Lögð fram skýrsla Heimilisiðnaðarfjelags Íslands um handavinnunámskeið fjelagsins á síðastl. hausti.
7. Bæjarráð felur bæjarverkfræðingi að athuga nú þegar, hverjar breytingar eru óumflýjanlegar a miðstöðvarkerfum í húsum þeim, sem koma til að nota hitaveituna og hvernig megi framkvæma þær á ódýrastan hátt.
8. Lagðar fram skýrslur Ráðningarstofunnar fyrir nóvbr.- desbr. 1939.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 1.þ.m.
10. Lagt fram brjef frá stjórn Garðyrkjufjelags Íslands með tillögum um fyrirkomulag á torgsölu grænmetis í bænum.
11. Bæjarráð vill ekki að svo stöddu taka ákvörðun um sölu á áhaldahúsum bæjarins við Vegamótastíg.
12. Lögð fram skýrsla Sundhallarinnar um reksturinn á síðara misseri ársins 1939.
13. Lögð fram tillaga Soffíu Ingvarsdóttur, sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar í gær.
14. Synjað erindi frá Húsfjelagi bindindismanna um að fella niður helming fasteignagjalds af húseigninni Fríkirkjuvegi 11 árið 1939.
15. Lagt fram brjef bæjarverkfræðings, dags. í dag, um tillögu Skipulagsnefndar að skipulagi í Grjótaþorpinu. Málinu frestað til athugunar bæjarráðsmanna á milli funda.
16. Borgarstjóri skýrði frá brjefum, er honum hafa borist frá Jóni Krabbe, sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn, varðandi fyrirhugaða viðbótarlántöku til hitaveitunnar vegna verðhækkunar af völdum stríðsins.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jakob Möller.

Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 9. febrúar, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir Rafmagnsveitunni til umsagnar gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar. Samþ. að svara ráðuneytinu eftir tillögu rafmagnsstjóra í brjefi, dags. 8.þ.m.
2. Bæjarráð hafnar forkaupsrjetti að erfðafestulandinu Sogabl. 6, er eignin var útlögð ófullnægðum veðhafa 6. þ.m. fyrir kr.5700.-
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulöndunum Þvottalaugablettum XXXI og XXXVII fyrir kr. 34.000.-. Húseignin Hálogaland stendur á Þvottalaugabl. XXXI. Hafnað.
4. Stjórn h/f. Ísbjörninn býður bæjarsjóði til kaups eignir fjelagsins við Skothúsveg, lóð,hús og vjelar, fyrir kr. 90.000.- að meðtöldum brunabótum.
Bæjarráð samþykkir að ganga að tilboðinu.
5. Jón Ásbjörnsson hrmflm. gerir kröfu til þess f.h. Fríkirkjusafnaðarins að bæjarsjóður greiði endurgjald fyrir spildur, er teknar voru af lóð safnaðarins undir Fríkirkjuveg og Skálholtsstíg. Falið borgarritara til athugunar.
6. Borgarstjóra heimilað að leigja Braga Kristjánssyni, Sogahlíð, býlið Ártún um eins árs skeið.
7. Borgarritara falið að athuga leigurjett E. Rokstads að Elliðavatni.
8. Innheimtumenn Gasstöðvarinnar óska eftir sömu kjörum um greiðslu mistalningarfjár fyrir 1939, sem innheimtumenn Rafmagnsveitunnar njóta. Óskað eftir umsögn rafmagnsstjóra.
9. Samþ. að bæjarsjóður taki ábyrgð á allt að kr. 10.000.- láni,er kaupandur m.b. Drífa, N.K. 13, Leifur Zakaríasson o.fl., taka og tryggt verði með 3ja veðrjetti og uppfærslurjetti í bátnum næst á eftir áhvílandi veðskuldum, að upphæð alls kr. 33.500.-. Skilyrði fyrir ábyrgðinni eru, að báturinn verði skrásettur í Reykjavík, gerður út hjeðan og mannaður reykvíkingum.
10. Rauði Kross Íslands ítrekar umsókn sína um að fellt verði niður með öllu endurgjald fyrir afgreiðslu og akstur slökkviliðsmanna á sjúkrabifreiðunum. Ákveðið að fá umsögn slökkviliðsstjóra.
11. Vinnuveitendafjelag Íslands og Alþýðusamband Íslands óska eftir breytingum á Samþykkt um lokunartíma hárgreiðslustofa frá 5. júní 1937. Borgarritara falið að undirbúa málið fyrir bæjarstjórnarfund.
12. Erlendur Erlendsson, Lvg. 81, sækir enn um leyfi til að mega selja heitar pylsur í húsinu nr. 1 við Austurstræti, til kl.12 á miðnætti. Vísað til bæjarstjórnar.
13. Lögð fram umsögn Helga Sigurðssonar verkfr. um erindi húseigenda á hitaveitusvæði Laugaveitunnar, dags. 15. f.m., þar sem krafist er lækkunar á gjaldskránni.
14. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar með tillögum um skipulag umhverfis Þjóðleikhúsbygginguna.
15. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 30. f.m., um kostnað af ferðum lögreglunnar með Strætisvögnum.
16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 8. þ.m.
17. Samþ. að leggja til að fyrv. lögregluþjónum Birni Vigfússyni og Geir T. Sigurðssyni verði greiddar bætur úr bæjarsjóði, sem svarar hálfum árslaunum, eða kr. 2600.- hvorum.
18. Lagt fram brjef frá P.Petersen fyrv. bíóstjóra, dags. 5. þ.m. með tilkynningu um að hann sje á förum af landi burt og segi því lausu leyfi sínu til kvikmyndareksturs.
19. Beiðni um skiftingu lóðar Pípuverksmiðjunnar h/f.við Mjölnisveg vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

Fleira gerðist ekki.Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller. Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 16. febr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXXV fyrir kr. 17.000.- . Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XIII fyrir kr. 22.000.-. Hafnað og borgarstjóra heimilað að samþ. framsal erfðafesturjettarins.

3. Borgarritara falið að athuga beiðni Guðm. Sigurðssonar, Fuglhúsum, um hækkun á lóðarleigu.

4. Beiðni Dagfinns Sveinbjörnssonar, Eskihlíð D, um lóð undir matjurtagarð vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

5. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra með eftirriti af brjefi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins viðv. friðun skógarleyfa í landi Elliðavatns og Hólms.

6. Lagt fram frv. til laga um skipulagssjóði, sem samið er af professor Ólafi Lárussyni og Gunnlaugi E. Briem stjórnarráðsfulltrúa.

7. Lagt fram brjef frá Gjaldeyris- og innflutningsnefnd, dags. 14. þ.m., með synjun um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir tveimur motorbátum, nýbygðum, er borgarstjóri hafði óskað eftir 30. f.m. í umboði bæjarráðs.

8. Lagt fram brjef frá Tryggingarstofnun ríkisins, dags. 9.þ.m., með álitsgerð sjerfræðings stofnunarinnar um tilmæli bæjarstjórnar um að Eftirlaunasjóður bæjarins fái viðurkenningu Tryggingarstofnunarinnar skv. lögum um alþýðutryggingar. Vísað til stjórnar Eftirlaunasjóðsins.

9. Dóms- og kirkjumálaráðuneytið sendir bæjarstjórninni skipulagsskrá fyrir " Musiksjóð Guðjóns Sigurðssonar", sem fengið hefir staðfestingu konungs.

10. Lögreglustjórinn leggur til, að settir lögregluþjónar, Geir Jón Helgason og Kristjan Jónsson Vattness, verði skipaðir lögregluþjónar frá 1. marz næstk.

11. Lögð fram skýrsla um starfsemi Bæjarbókasafnsins árið 1939.

12. Jóhanna Knudsen, hjúkrunarkona, sækir um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 30 þús. kr. láni, til þess að stofna barnasjúkrahús í húsinu nr. 6 við Hellusund.

13. Lagður fram reikningur Sjúkrasjóðs Hins ísl. Kvenfjelags pr. 31. desbr. 1939.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 15. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Helgi H. Eiríksson. Guðm. Eiríksson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 23. febr. kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi Helga Sigurðssonar um að fá aftur á erfðafestu Fossvogsbl. XLIII.
2. Eftir beiðni Þorleifs Helga Eyjólfssonar var samþ. að gera samning um leigulóðina Rauðarárstíg 36 við Hermann Helgason, Eiríksgötu 31.
3. Bæjarráð samþykkir að leigja hæfilega lóð með fiskhjalli, sem nú stendur á leigulandi við Defensorsveg, sbr, leigusamning 17. apríl 1936. Stærð lóðar og skilmálarverði ákveðið síðar, ef til kemur.
4. Synjað erindi Guðmundar Ólafssonar, Garð. 13 A, um bætur vegna þess að gasleiðsla liggur undir kjallara hússins.
5. Lagt fram brjef frá Jónasi Kr. Jónssyni, Grett. 77, með kvörtun yfir hitaveitugjaldi af húsinu skv. hinni nýju gjaldskrá. Erindinu synjað, en bæjarráð vill sætta sig við að brjefritarinn segi upp afnotum vatns frá Laugaveitunni fyrirvaralaust.
6. Samþ. að leigja Kristni Kristjánssyni á erfðafestu 0.34 ha. landsspildu austur af Vatnsgeyminum, eftir nánari ákvörðun bæjarverkfræðings.
7. Erindi Dagfinns Sveinbjörnssonar, Eskihlíð D, um land til garðræktar við Reykjanesbraut vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
8. Samþ. að skifta megi leigulóð Pípuverksmiðjunnar við Mjölnisveg eftir umsókn, dags. 8. þ.m., Um leigumála væntanlegs nýs leigjanda , að ca. helmingi landsins, verði tekin ákvörðun síðar.
9. Þórdís Hansdóttir, Lvg. 81, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi.
10. Kristján Kristinsson,Lvg. 53 a, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til þess að fá veitingarleyfi.
11. Guðmundur Símonarson, Þverg. 3, sækir um 3000kr. lán til þess að kaupa m.b. Vörð ( áður Haraldur G.K. 500 ). Synjað.
12. Þorsteinn Magnússon og Magnús Gunnarsson, Bragg. 25, sækja um ábyrgð bæjarsjóðs til kaupa á m.b. Sindra frá Seyðisfirði. Ákveðið að fá umsögn Jóns A. Péturssonar, Sveins Benediktssonar og Hafsteins Bergþórssonar.
13. Lagt fram brjef frá barnaverndarnefnd Reykjavíkur og barnaverndarráðs Íslands um stofnun og starfrækslu uppeldisheimilis vandræðapilta.- Borgarstjóra falið að ræða við fjelagsmálaráðherra um málið.
14. Lagt fram brjef frá sakadómara um skaðabætur til Guðríðar Jónsdóttur hjúkrunarkonu vegna áverka, er hún hlaut við gæzlu á geðveikri konu. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.
15. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í dag.
16. Lögð fram skýrsla dr. Björns Björnssonar um slysatryggingu lögreglu- og slökkviliðs.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Jakob Möller.
Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 1. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Fossvogsbl.XLVIII fyrir kr. 4500.-. Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. VIII fyrir kr. 6500.-. Hafnað.
3. Samþ. að taka 0.18 ha. af Tjarnarendabletti II undir veg og greiða erfðafestuhafa umsamið endurkaupsverð kr. 0.25 pr. ferm.
4. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að reka megi loðdýrarækt á erfðafestulöndunum Kleppsmýrarbletti I og III.
5. Synjað erindi um eftirgjöf á fasteignagjöldum af húsinu nr. 2 við Templarasund.
6. Lagt fram brjef lögreglustjórans með skýrslu um rannsókn út af óleyfilegri grjóttöku úr fjörunni vestan Grímsstaða.
7. Lagt fram brjef frá Sveinafjelagi hárgreiðslukvenna viðv. breytingum á lokunarsamþykkt.
8. Samþ. að greiða Marteini Magnússyni utanfararstyrk kennara árið 1939.
9. Lagt fram brjef frá Gjaldeyris- og innflutningsnefnd, dags. 28. f.m., með bráðabirgðasvari við umsókn borgarstjóra 12. f.m. um gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir 6 vjelbátum til Reykjavíkur.
10. Lagt fram brjef frá Framfærslunefnd ríkisins, dags. 28.f.m., varðandi úthlutun fjár, sem ætlað er til framleiðslubóta í fjárlögum ársins 1940.
11. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 28. f.m., viðv. mistalningarfje innheimtumanna Rafmagnsveitunnar. Borgarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.
12. Geirharður Jónsson og Jón Sigurðsson sækja um 2500 kr. styrk til útgerðar m.b. Örn. Synjað.
13. Lögð fram skýrsla um rekstur Sundhallarinnar í janúar 1940.
14. Gísli Ólafsson og Kristján Símonarson sækja um torgsöluleyfi. Vísað til borgarstjóra.
15. Lögð fram skýrsla um störf Ráðningarstofunnar í janúar 1940.
16. Lögð fram umsókn Ingólfs Matthíassonar um forstöðustarf við endurskoðun bæjarreikninganna.
17. Samþ. tilboð skilanefndar Mjólkurbús Ölfusinga um 30% af inneign bæjarsjóðs v/Frímanns Einarssonar.
18. Útsvarsmál: Guðmundur Egilsson, Seljav. 3 A, Guðm. Sigurðsson, Háv. 44, Gunnar Gunnarsson, Háv. 25, Ármann Pétursson, Sell. 5, Erlendur Einarsson, Auð. 15, Óskar Árnason, Kirkjut.6, Leifur Sigurðsson, Hvg. 96 B, Júlíus Magnússon, Freyj. 38, Alfred Jörgensen, Skeggjag. 11, Ólafur Thorlacius, Tjarn,43. Ríkharður Kristmundsson, Hell. 7, Sigurgrímur Stefánsson, db. Ásv. 56, Magnús Thorberg, Tjarn. 42, Vátryggingarfjel. "Skandínavía", Valdimar H. Guðjónsson, Ásv. 10, Þorleifur Þorleifsson, Bjark. 8, Ingvar Ág. Bjarnason, Suð. 39, Theódór Magnússon, Frakk. Gunnlaugur J. Fossberg, Miðstr. 10, Jón Eiríksson skipstj. Lagarfossi, Vilhjálmur Ketilsson, Lvg. 53, Bjarni Guðnason, Kaupm.h., Skarphjeðinn Jósefsson, Skólav. 4 C, Anna Steindórsdóttir, Loftskeyrastöð, Guðrún Eiríksdóttir, Amt. 5, Björn Kjartansson, Lvg. 81, Sigurgeir Sigurdórsson, Barón. 3 A, Lára Þorgeirsdóttir, Lind. 7 B.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, þriðjudaginn 5. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

Rætt um hitaveitumálið, einkum möguleika fyrir lántöku vegna aukins kostnaðar við framkvæmdirnar af völdum stríðsins,

Borgarstjóra falin nánari rannsókn í málinu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.
Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 8. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi Enoks Ingimundarsonar um leigu- eða erfðafesturjett á landsspildu við sumarbústaðinn Árbakka(áður Snæland) við Elliðaár.

2. Boðinn forkaupsrjettur að landinu Krossamýrarbletti XIV fyrir kr. 400.-. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbl. LIV fyrir kr. 1200.-. Hafnað.

4. Byggingarfjelagið"Borg" og Byggingarfjelag trjesmiða sækir um lóðir undir smáhýsi. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Borgarstjóra falið að gera leigusamninga um lóðir fyrir Selbrekkur og Ívarssel.

6. Lagt fram brjef frá Emil Rokstad með eftirriti af leigusamningi um veiðirjettindi í Helluvatni í Elliðavatnslandi.

7. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. 5. þ.m., með tillögum um flugvöll í Reykjavík. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögu nefndarinnar um að ætla flugvelli stað í Vatnsmýrinni syðst og á svæðinu þar suður af.

8. Bæjarráð er meðmælt því, að frumvarp til laga um skipulagssjóði verði flutt á Alþingi, með nokkrum breytingum.

9. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra um kostnaðarverð raforku við dælistöðina á Reykjum.

10. Lagt fram brjef frá allsherjarnefnd neðri deildar Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur og frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74, 31. des. 1937, um alþýðutryggingar.

    Bæjarráð mælir með frumvarpinu um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, enda verði bæjarfjelaginu sjeð fyrir nýjum tekjustofni til þess að standast þau útgjöld.

    Frv. um breytingu á alþýðutryggingarlögunum falið borgarstjóra til umsagnar.

11. Lögð fram umsókn Erlends Erlendssonar, Laugavegi 81, um leyfi til pylsusölu í Austurstræti 1. Málið er þegar afgreitt, en bæjarráðið tekur fram, að umsögn Gústafs Jónassonar skrifstofustjóra, Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns og lögreglustjórans í Reykjavík hafi áður legið fyrir bæjarráðinu.

12 Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í dag.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.
Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, þriðjudaginn 12. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Á fundinum var rætt um viðbótarlántöku til hitaveituframkvæmdanna.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pétursson. Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson.

8. Lagt fram brjef Vjelstjórafjelags Íslands, dags. 12. þ.m., viðv. launakjörum yfirvjelgæslumanns Rafmagnsveitunnar.

9. Lagt fram brjef frá Friðjóni Guðbjörnssyni umsjónarmanni við Sundhöllina viðv. launakjörum hans, með umsögn forstjórans.

10. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 9. marz 1940.

11. Leifur Erlendsson, Mánagötu 3, æskir meðmæla bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi.

12. Lögð fram umsögn Sveins Benediktssonar, Hafsteins Bergþórssonar og Jóns A. Péturssonar um erindi Þorsteins Magnússonar o. fl. um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir hluta af kaupverði m.b. Sindra frá Seyðisfirði( sbr. fundargerð bæjarráðs 23. febr., 12. lið). Í umsögninni er ekki mælt með ábyrgðarbeiðninni.

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 14. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jakob Möller.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 15. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XVII fyrir kr. 1200.-. Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. LVI fyrir kr. 6500.- og erfðafestulandinu Fossvogsbl.LI fyrir kr. 4500.-. Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Krossamýrarbl. IV fyrir kr. 300.-. Hafnað.
4. Bæjarráð synjar beiðnum um að byggja megi íbúðarhús á erfðafestulöndunum Sogamýrarbl. LIV og Fossvogsbl. XLVI, stærri en heimilað er í erfðafestuskilmálunum, 25 ferm. að flatarmáli.
5. Lagt fram brjef frá stjórn Í.S.Í. varðandi framkvæmdir á íþróttasvæðinu við Skerjafjörð.
6. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 14. þ.m., varðandi ráðstöfun á vanskila húsdýrum.
   Ákveðið að fá umsögn Dýraverndunarfjelagsins um mál þetta.
7. Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið sendir bæjarstjórninni skýrslu rannsóknarnefndar ríkisins um athugun á mómýrum í nágrenni Reykjavíkur.
8. Lagt fram brjef Vjelstjórafjelags Íslands, dags. 12. þ.m., viðv. launakjörum yfirvjelgæslumanns Rafmagnsveitunnar.
9. Lagt fram brjef frá Friðjóni Guðbjörnssyni umsjónarmanni við Sundhöllina viðv. launakjörum hans, með umsögn forstjórans.
10. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 9. marz 1940.
11. Leifur Erlendsson, Mánagötu 3, æskir meðmæla bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi.
12. Lögð fram umsögn Sveins Benediktssonar, Hafsteins Bergþórssonar og Jóns A. Pjeturssonar um erindi Þorsteins Magnússonar o. fl. um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir hluta af kaupverði m.b. Sindra frá Seyðisfirði( sbr. fundargerð bæjarráðs 23. febr., 12. lið). Í umsögninni er ekki mælt með ábyrgðarbeiðninni.
13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 14. þ.m.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller.
Jón Axel Pétursson.

Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 23. febr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

..........................................................

..........................................................

19. Þórdís Hansdóttir, Laugavegi 81, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi.

10. Kristján Kristinsson, Lvg. 53 A, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi.

..........................................................

..........................................................

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

Guðm. Eiríksson. Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

8. Lagt fram brjef frá framfærslumálanefnd bæjarstjórnarinnar með tillögum um að bæjarsjóður styðji að smíði lítilla motorbáta(trillubáta). Ákveðið að fá umsögn Sveins Benediktssonar, Hafsteins Bergþórssonar og Jóns A. Péturssonar um málið.

9. Lagt fram brjef frá sömu nefnd með tillögu um að birt verði skrá yfir styrkþega bæjarins, fyrst og fremst þá, sem skulda barnsmeðlög og meðlög samkv. hjónaskilnaðarleyfum.

10. Umdæmisstúkan nr. 1 fer fram á að bæjarstjórn Reykjavíkur skori á þing og stjórn að loka áfengisútsölustöðum á meðan stríðis stendur .

11. Hafliði Jónsson, Njálsgötu 1, fer fram á að fá meðmæli bæjarstjórnar til veitingaleyfis.

12. Vilhelmína Einarsdóttir,Laug. 29, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 28. þ.m.

14. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í febrúar.

15. Lagt fram brjef Péturs Ingimundarsonar, dags. 28. þ.m., viðv. starfi fyrir Ólaf son hans við endurskoðun bæjarreikninganna.

16. Bæjarráð telur greiðslu mistalnginarfjár til innheimtumanna Rafmagnsveitunnar óheimila eftir 1. apríl 1939 og felur rafmagnsstjóra að endurheimta það, sem greitt hefir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 29. marz, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabl. V fyrir kr. 2400.-.Hafnað.

2. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti samþykkja að byggja megi íbúðarhús á erfðafestulandinu Bústaðabl. V, 56.98 ferm. að stærð, samkv. teikningu Einars Sveinssonar, dags. í marz þ.á., enda hlíti eigandi skilmálum sem settir verða fyrir byggingum íbúðarhúsa á erfðafestulöndum.

3. Fyrirspurn Ágústs Jónssonar, Mjóstr. 10, um skifti á 1/2 erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XII og landspildu við Háaleitisveg vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

4. Lagt fram brjef frá Viðar Thorsteinsson, dags. 29.þ.m., viðv. birtugröfum við hús hans nr. 52 við Hringbraut. Vísað til byggingarnefndar.

5. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 20.þ.m. með fylgiskjölum varðandi lifrarbræðslu innan kaupstaðarlóðarinnar.

6. Lögð fram umsögn Dýraverndunarfjel. Íslands, dags. 28.þ.m., um brjef lögreglustjóra, dags. 14.þ.m., varðandi ráðstöfun á vanskilahúsdýrum.

7. Bæjarráð heimilar borgarstjóra og rafmagnsstjóra að gera samning við Jón A. Bjarnason ( Raftækjasalan h/f.) um afborgunarsölu rafmagnseldavjela.

8. Lagt fram brjef frá framfærslumálanefnd bæjarstjórnarinnar með tillögum um að bæjarsjóður styðji að smíði lítilla motorbáta(trillubáta). Ákveðið að fá umsögn Sveins Benediktssonar, Hafsteins Bergþórssonar og Jóns A. Péturssonar um málið.

9. Lagt fram brjef frá sömu nefnd með tillögu um að birt verði skrá yfir styrkþega bæjarins, fyrst og fremst þá, sem skulda barnsmeðlög og meðlög samkv. hjónaskilnaðarleyfum.

10. Umdæmisstúkan nr. 1 fer fram á að bæjarstjórn Reykjavíkur skori á þing og stjórn að loka áfengisútsölustöðum á meðan stríðis stendur.

11. Hafliði Jónsson, Njálsgötu 1, fer fram á að fá meðmæli bæjarstjórnar til veitingaleyfis.

12. Vilhelmína Einarsdóttir, Laug. 29, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 28. þ.m.

14. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í febrúar.

15. Lagt fram brjef Péturs Ingimundarsonar, dags. 28. þ.m., viðv. starfi fyrir Ólaf son hans við endurskoðun bæjarreikninganna.

16. Bæjarráð telur greiðslu mistalnginarfjár til innheimtumanna Rafmagnsveitunnar óheimila eftir 1. apríl 1939 og felur rafmagnsstjóra að endurheimta það, sem greitt hefir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verið síðan.

17. Útsvarsmál: Sigfús B. Sigurðsson, Karlagötu 24, Eiríkur Einarsson, Hringbr. 64, Jón Vigfússon, Shell.18, Bogi Jóhannesson, Hringbr. 63; Skúli Pálsson; Laugarnesvegi 81, Ari Guðmundsson, Garð. 14, Soffía Túbalsdóttir, Lvg. 79, Daudistel,Albert, Lvg. 34, Guðm. Ólafsson, Bókhl. 10, Vigdís Halldórsdóttir, Bjarg. 7, Gúmmískógerð Austurbæjar, Friðrik Jensen, Hringbr. 68, Kristján Jónsson, Klapp. 31, Felix Jónsson,Bald. 7, Þórarinn Guðmundsson, Lvg. 13, Finnur Sigmundsson, Rán. 19, Sveinn Árnason, Vest. 54 A, Ragnhildur Jóhannesdóttir, Freyj. 26, Gestur Gíslason, Hringbr. 75, Kristinn P. Friðriksson, Amt. 5, Guðm. L. Jóhannesson, Ásv. 59, Alexander Jóhannesson, Grett. 26, Ágústa Einarsdóttir, Hvg. 76 B, Jakob Jónsson,Sjafn.4, Hilmar Foss, Hafn. 11, Felix Guðmundsson, Freyj. 30, Ólafur A. Guðmundsson, Vg. 53, Jón Guðlaugsson, Von. 12, Fanney Ófeigsdóttir, Klapp. 31, Markúsína A. Jóhannesdótti[r] Sólv. 34, Tómas Guðmundsson, Hvg. 59, Ingi H.Þ. Kröyer, Lind. 43 B Ingibjörg Krist-ófersdóttir, Flók. 1, Ólafur Halldórsson Í.R.húsið, Bjarni Jónsson, Sólv. 32, Kristleifur Jónsson, Borgarholti, Jónatan H. Runólfsson, Lvg.67 Jónína Þorvaldsdóttir, Lvg. 7, Sveinn R. Einarsson,frá Miðdal, Njáll Þórarinsson, Freyj. 5 , Tage Möller, Rán.6, Gísli Fr. Jóhanneson, Lvg. 70 B, Sigrún Guðmundsdóttir, Gunnarsbraut 34, Jóhanna I Þorsteinsdóttir, , Berg. 71, Hans. G. Hansson, Lok.17, Valgerður Haraldsdóttir, Grett. 16, Guðm. Sveinbjörnsson, Ásv. 1, Jón Bjarnason, Grund 8, Ingigerður Ástgeirsdóttir, Lvg. 36, Kjartan B.Guðjónsson, Óð. 30, Björgvin Frederiksen, Lind. 28, Kristján Guðmundsson, Ósi, Jörundur Brynjólfsson, Skálh. 2 A, Sveinn Ásmundsson, Grett. 62, Hjörleifur Ólafsson, Rvv.3, Óskar Bjarnason, Háskólanum, Einar Einarsson, Skv. 29 a, Carl Sæmundsson, & Co., Jóhann Magnússon, Sólv. 13, Sigurjón Guðjónsson, Lauf. 58, Hafliði Baldvinsson, Hvg.123, Otto Edv. Guðjónsson, Skólav. 4, Snæbjörn Jónsson, Bergþ. 53.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 5. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram álitsgjörð dr. Björns Björnssonar, dags. 20.febr. 1940, um slysatryggingu lögreglu- og slökkviliðsins í Reykjavík svo og brjef Tryggingarstofnunar ríkisins, dags. 23. desbr. 1939, 5.,6. og 19. febr. 1940.
   Svohljóðandi tillaga gerð til bæjarstjórnar:
   " Bæjarstjórn felur bæjarráði að semja við Tryggingarstofnun ríkisins um sjerstaka slysatryggingu á lögregluþjónum og slökkviliðsmönnum bæjarins, er nemi fyrir hvern þeirra kr. 6000.- við dauða, en kr. 14.000.- vegna fullrar örorku, af völdum slysa er þeir verða fyrir við skyldustörf sín, þ.á.m. fyrirskipaðar æfingar.
   Er bæjarráði heimilað að greiða iðgjöld fyrir slíka tryggingu úr bæjarsjóði."

2. Forkaupsrjettur boðinn að erfðafestulandinu Norðurmýrarbl. VIII. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

3. Eftir tillögu bæjarverkfræðings og Helga Sigurðssonar verkfræðings leggur bæjarráð til, að sú breyting verði gerð í tilraunaskyni, á gjaldskrá Þvottalaugaveitunnar, að gjaldið eftir mæli verði 3/8 af vetrargjaldinu sumarmánuðina,14. maí til 1. okt.

4. Synjað erindi Benedikts Fr. Jónssonar um lóðina nr. 84 við Laugarnesveg, þar sem óráðið er um skipulag á þessu svæði.

5. Borgarstjóra heimilað að leigja Ártún fyrir 1000 kr. ársleigu. Býlið verði leigt frá ári til árs.

6. Samþ. að selja Thor Thors alþm. leigulóðina nr. 118 við Hringbraut.

7. Verkamannafjelagið " Dagsbrún" æskir þess, að bæjarstjórn geri vinnusamning við fjelagið. Meirihl. bæjarráðs vill verða við beiðni fjelagsins um að hefja samningaumleitanir og felur borgarstjóra að ræða við stjórnina.

8. Stjettarfjelag barnakennara fer fram á, að föstum kennurum barnaskólanna verði greitt fyrir forfalla- og stundakennslu sama kaup sem öðrum kennurum er greitt, kr. 2.50 um klt.

9. Friðgeir Skúlason, Fisch. 3, æskir meðmæli bæjarstjórnar til þess að fá veitingaleyfi.

10. Lögð fram umsögn Sveins Benediktssonar, Hafsteins Bergþórssonar og Jóns Axels Pjeturssonar um tillögu framfærslumálanefndar viðv. smíðum á trillubátum(sbr. fundargerð bæjarráðs 29. marz, 8. lið).

11. Lögð fram tillaga frá Haraldi Guðmundssyni sem vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 4. þ.m.viðv. saltfiskveiðum togara.

12. Lögð fram tillaga Sigurðar Jónassonar sem var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 4.þ.m. varðandi viðbótarlántöku til hitaveitunnar.

13. Tillaga Bjarna Benediktssonar, sem var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 4. þ.m. um rannsókn á móvinnslu í stórum stíl, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 4.þ.m.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson. Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson. Helgi H. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## BÆJARRÁÐ.

Ár 1940, föstudaginn 12. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XI fyrir kr. 10.000.-. Hafnað.

2. Lagt fram brjef Magnúsar Einarssonar, dags. 19. f.m., viðv. byggingu íbúðarhúss á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti LIV. Bæjarráð ítrekar ákvörðun sína um að leyfa ekki stærri byggingu á landinu en heimiluð er í erfðafestusamningnum.

3. Lagt fram brjef frá Tryggva Salómonssyni, dags. 12. þ.m., varðandi leigu á Sunnuhvolstúnum nú á yfirstandandi ári. Falið bæjarverkfræðingi og borgarritare til athugunar.

4. Bæjarráð vill ekki sinna erindi Ágústs Jónssonar um skifti á hálfu erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XII og landsspildu við Háaleitisveg.

5. Póst- og símamálastjórnin sendir bæjarráði til umsagnar erindi h/f. Strætisvagna Reykjavíkur, dags. 2.þ.m., um breytingar á áætlunarferðum vagnanna. Bæjarráð telur ekki ástæðu til afskifta af málinu.

6. Erindi Gests Hannessonar um löggildingu til að tengja heimæðar við hitaveituna vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

7. Stjórn Fasteignaeigendafjelags Reykjavíkur sendir tillögur, sem samþ. voru á fundi fjelagsins 2.þ.m., varðandi umtal um eftirgjöf á rafmagns- og hitaveitugjaldi til Háskólans og hækkun á taxta Laugaveitunnar nú um síðustu áramót.

8. Búnaðarsamband Kjalarnesþings sækir um 300 kr. styrk úr bæjarsjóði á yfirstandandi ári. Vísað til bæjarstjórnar.

9. Bæjarráð felur borgarstjóra að biðja eftirlitsmann með kolaverzlun í bænum, að gefa nákvæma skýrslu um kolaverzlunina síðan í septbr.mánuði.

10. Leigutími á verksmiðjulóð Ásgeirs Magnússonar o.fl. í Rauðarárholti ákveðinn 30 ár.

11. Eftir tillögu Guðm. Ásbjörnssonar felur bæjarráð bæjarverkfræðingi að láta flytja stærri borvjelina frá Reykjum til Þvottalauganna nú í vor í því skyni að aukið verði vatnsmagn Laugaveitunnar ef mögulegt er.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 11.þ.m.

13. Lögð fram skýrsla um starfsemi barnaheimilisins Vorboðinn síðastl. sumar.

    Jafnframt sækir stjórnarnefnd heimilisins um 4000 kr. styrk til starfseminnar á sumri komanda.

14. Garðar S. Gíslason, Leifsgötu 3, sækir um einkaleyfi til þess að selja mjólk, kökur og ýmsan annan varning á Íþróttavellinum um 5 ára skeið.
    Vísað til stjórnar Íþróttavallarins til umsagnar.

15. Lagt fram brjef Jóns Guðvarðssonar, Njálsg. 60, um fisksölu á lóð við Barónsstíg og Njálsgötu. Falið borgarritara til athugunar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.
Guðm. Ásbjörsson.

Jón Axel Pétursson.
Jón Björnsson.

Guðm. Eiríksson.
Bjarni Benediktss.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 19. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að heimila borgarstjóra, að leigja Tryggva Salómonssyni ca. 6 1/2 ha. úr Sunnuhvolstúninu nú á yfirstandandi ári fyrir 45 kr. pr. dagsláttu, enda semji hann um greiðslu skuldar sinnar við bæjarsjóð.

2. Lagt fram brjef bæjarverkfræðings, dags. 12. þ.m., og Byggingarfjelags trjesmiða, dags.18. þ.m., um lóðir undir smáhýsi. Bæjarráð ákveður að gefa fjelagsmönnum í nefndu fjelagi og byggingarfjelaginu Borg kost á leigulóðum á fyrirhuguðu byggingarsvæði ofan við Höfða, enda geri fjelögin grein fyrir því,hvernig byggingar eru fyrirhugaðar á svæðinu

3. Lagt fram eftirrit af dómi hæstarjettar 17.þ.m.í máli Sigurjóns Fjeldsted gegn bæjarsjóði.

4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Hringbraut 50 við Halldór Jónsson, Njg. 96,og Stefán Jónsson, Hafnarfirði.

5. Eftir tillögu lögreglustjóra ákveður bæjarráð að banna akstur reiðhjóla og hestvagna um Kirkjugarðsstíg frá vestri til austurs.
Ennfremur ákveðið að banna akstur reiðhjóla um Fischerssund.

6. Unndór Jónsson, Smáragötu 12, sækir um leyfi til að setja upp blaðabyrgi (Kiosk) á Lækjartorgi. Erindinu synjað.

7. Lagt fram brjef gasstöðvarstjóra, dags. 18. þ.m., um kolabyrgðir og kolaþörf gasstöðvarinnar o.fl. atriði varðandi rekstur fyrirtækisins.

8. Lagt fram brjef slökkviliðsstjóra, dags. 8. þ.m., um rekstur sjúkrabifreiða Rauða Krossins.
Bæjarráð ítrekar tillögu sína frá fundi 26. janúar s.l., 8. lið, um að lækka um helming endurgjald fyrir árið 1939 fyrir afgreiðslu sjúkrabifreiðanna.

9. Samþ. að mæla með umsókn Hólmfríðar Þorláksdóttur, Miðstræti 4, um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar.

10. Samþ. að mæla með umsókn um veitingaleyfi frá Theódóri Magnússyni bakara.

11. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

12. Lögð fram skýrsla um rekstur Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í marz.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson. Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## BÆJARRÁÐ.

Ár 1940, föstudaginn 26. apríl, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að býlinu Urðum við Engjaveg með erfðafestulöndunum Þvottalaugabl. XXXVI og Sogamýrarbl. XIII fyrir kr. 35.000.-. Hafnað.

2. Lögð fram álitsgjörð bæjarverkfræðings um erfðafestulandið Norðurmýrarblett VIII, sem forkaupsrjettur er boðinn að. Bæjarráðsmenn hafa skoðað landið og telja það úr sjer gengið að rækt og því fallið til bæjarins endurgjaldslaust skv. 6. gr. erfðafestuskilmálanna. Ákveðið að fá dómkvadda óvilhalla menn til þess að meta landið svo sem tilskilið er í nefndri grein.

3. Jóhann G. Guðmundsson, Bakk.5, sækir um leyfi til að byggja fjós og hlöðu á erfðafestulandinu Austurkoti í Kaplaskjóli. Samþykkt.

4. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti leyfa Búnaðarbanka Íslands að byggja tilraunahús úr moldsteypu á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVIII, enda verði landinu ekki skift og húsið tekið burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður. Svo hlíti húseigandi skilmálum, sem settir kunna að verða um íbúðarhúsabyggingar á erfðafestulöndum.

5. Lagðar fram matsgerðir lóðamatsnefndar á leigu eftir verksmiðjulóðirnar: Mjólkurstöðvarinnar við Hringbraut, Ársæls Magnússonar o.fl. í Rauðarárholti, Kexverksm. Frón við Skúlagötu, h/f. Gler og kexverksm. Esju við Þvergötu.

6. Lagðar fram skýrslur Sundhallarinnar um reksturinn í febr.-marz þ.á.

7. Eftir tilmælum forstjóra Sundhallarinnar ákveður bæjarráð að ítreka kröfur sínar um að Mjólkurstöðin við Hringbraut hætti nú þegar að kynda með kolum.

8. Egill Jónasson, Frakk. 16, sækir um lán til mótekju á Kjalarnesi nú í sumar. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

9. Lagt fram tilboð frá Óskar Clausen um sölu á 1000 tonnum af mó frá Grundarfirði.
Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

10. Lagt fram brjef frá eftirlitsmanni með kolaverzlun í bænum með skýrslu um kolaverzlunina síðastl. vetur.

11. Lagt fram brjef frá A/S. Höjgaard & Schultz, Reykjavík, dags. 23. þ.m.
Bæjarráð samþykkir tillögu firmans um að hjer eftir færi það fyrst um sinn bæjarsjóði til skuldar útlagðan kostnað við hitaveituna í íslenzkum krónum, skv. gengi á dönskum krónum hjer hinn 8. þ.m. að því er efni snertir. Síðar verði samið um yfirfærslu í mynt er samkomulag verði um, með gengi á ísl. krónu skv. ákvæðum laga nr. 51/1940.

12. Lagt fram brjef sakadómarans í Reykjavík, dags. 16. þ.m., varðandi skaðabætur til Guðríðar Jónsdóttur hjúkrunarkonu. Vísað til borgarstjóra.

13. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 24. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram brjef sakadómarans í Reykjavík, dags. 22. þ.m., með tilmælum um að Ingólfi Þorsteinssyni lögr.þj. verði greidd varðstjóraþóknun frá síðustu áramótum.

15. Lagt fram brjef frá forstjóra Sundhallarinnar með tilboði frá Tryggingarstofnun ríkisins um að tryggja starfsfólk Sundhallarinnar, það sem ekki er tryggingarskylt. Ákveðið að fá málið dr. Birni Björnssyni til athugunar.

16. Bæjarráð ákveður að láta vinna unglingavinnu nú í sumar með svipuðum hætti og undanfarandi ár, enda leggi ríkissjóður til jafns á móti bæjarsjóði af kostnaði.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Jakob Möller.  H.H.Eiríksson.

Bjarni Benediktsson.  Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 3. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti VI fyrir kr.8.653.35. Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXII fyrir kr. 15.500.- Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXXIII fyrir kr. 6000.- Hafnað.
4. Borgarstjóra heimilað að selja Hallgrími Jónssyni, Steinholti, erfðafestulandið Fossvogsbl. XLIII.
5. Synjað beiðni um að framlengja lóðarrjettindi fyrir húsið Litlaland í Kaplaskjóli.
6. Samþ. að leyfa Gísla Jóhannessyni, Grett.27, að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXII.
7. Synjað erindi um að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII.
8. Erindi h/f. Hængs um lækkun á leigu eftir fiskverkunarland í Kaplaskjóli vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
9. Sveinn Sveinsson, Grund, 2, og Þórður Þórðarson, Garð.8, sækja um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 30 þús. króna láni til mótöku. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
10. Sigurlinni Pjetursson, Seljavegi 37, og Sigurður Sveinbjarnarson, Bald. 36, sækja um leyfi til mótekju í Árbæjarlandi. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.
11. Stúdentaráð háskólans æskir þess, að nokkrir stúdentar fái atvinnu hjá bænum nú í sumar.
12. Sveinafjelag múrara fer fram á að fjelagsmenn verði látnir sitja fyrir allri fagvinnu og vinnu sem nálgast múrvinnu, sem bærinn lætur vinna.
13. Starfsmannafjelag Reykjavíkurbæjar æskir þess, að bæjarstjórn ákveði starfsmönnum bæjarins dyrtíðaruppbót, ekki lægri en starfsmönnum ríkisins verður veitt.
14. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþykkt að veita Ágúst Jónssyni löggildingu sem rafmagnsvirki við lágspennuveitur í Reykjavík.
15. Hannes M. Þórðarson og Pálmi Jósefsson kennarar sækja um ábyrgð bæjarsjóðs fyrir 5800.kr. láni hjá Lífeyrissjóði barnakennara, er hvíli með 2. veðrjetti á húseigninni Mánagötu 20, sem þeir hyggjast að kaupa. Vísað til bæjarstjórnar.
16. Samþ. að framlengja um 1 ár leyfi til veitingasölu í Austurstræti 5.
17. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 2. þ.m.
18. Lagt fram brjef frá Kristjáni Erlendssyni, Skólav.10, varðandi innheimtu á gjöldum hans, svo og umsögn borgarritara. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.
19. Vegna fyrirsjáanlegra útgjaldaauka bæjarsjóðsins af völdum stríðsins nú á yfirstandandi fjárhagsári, leggur bæjarráð til að útsvör eftir efnum og ástæðum, skv. fjárhagsáætlun 1940 tekjulið VII,1, verði hækkuð um kr. 500.000.--.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Pétur Halldórsson.

Guðm. Ásbjörnsson. — Guðm. Eiríksson.

Jon Axel Pétursson. — Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, þriðjudaginn 7. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings, dags. 6.þ.m., um mótekju.

2. Lagt fram tilboð frá Jóni Finnbogasyni, Hörp.38, dags. 7. þ.m., um sölu á 1000 tonnum af mó frá Búðum á Snæfellsnesi. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

3. Bæjarráð ákveður að æskja eftir heimild til þess , að innheimta útsvör skv. lögum nr. 23, 12.febr. 1940.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Pétur Halldótrron.

Guðm. Ásbjörnsson.
Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson.

Jakob Möller,

sem fallist er á tillögur A/S.Höjgaard & Schultz í brjefi, dags. 23. f.m., sbr. fundarg. bæjarráðs 26. f.m., 11. lið.

19. Lagt fram brjef frá Sveini Sveinssyni, Grund.2, og Þórði Þórðarsyni, Garð.8, með nýju tilboði um sölu á mó frá Brautarholti á Kjalarnesi, 2400 tonnum.

20. Lagt fram tilboð Valdimars Þórðarsonar, Kirkjusandi, um sölu á mó frá Brautarholti,1000 tonnum.

21. Bæjarverkfræðingur skýrði frá samanburði, sem hann hefir gert á tilboðum um sölu á mó,nú á sumri komandi.

Fleira gerðist ekki.Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Petur Halldórsson. Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson. Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 10. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að auglýsa eftir tilboðum í laxveiðina í Elliðaánum nú í sumar.
2. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra viðv. reikningi Sogsvirkjunarinnar 1939.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XV, fyrir kr. 1200.-. Hafnað.
4. Samþ. að gera leigusamning til 15 ára um lóð Ragnars Lövdahl við Fjölnisveg.
5. Háskólarektor fer fram á að lagður verði vegur frá Hringbraut að bogavegi neðan við háskólabygginguna, fyrir 17. júní. Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.
6. Húseigendur við Bergþórugötu, á milli Barónsstígs og Hringbrautar, fara enn fram á að fá laugavatn í hús sín. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
7. Lagt fram brjef gasstöðvarstjóra, dags. 9. þ.m., með greinargerð um rekstur Gasstöðvarinnar í marzmánuði.
8. Borgarstjóra falið að ráða konur til gæzlu á leikvöllunum við Grettisgötu og Njálsgötu.
9. Lagt fram brjef fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 7. þ.m., viðvíkjandi unglingavinnu í sumar.
10. Kvennaheimilið Hallveigarstaðir h/f. skýrir frá því, að fjelagið hafi í hyggju að kaupa hús hjer í bænum og spyrst fyrir um hvort bæjarstjórn vilji leigja þar húsnæði fyrir húsmæðraskóla, ef úr kaupum verði.- Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til athugunar.
11. Hjúkrunarfjelagið Líkn sendir skýrslu um starfsemi fjelagsins árið 1939.
12. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XX þannig, að annar hlutinn verði 2.51 ha. en hinn 1,25 ha., enda verði engin bygging leyfð á minna landinu.
13. Lögð fram skýrsla dr. Björns Björnssonar um slysatryggingu á starfsfólki Sundhallarinnar, því sem ekki er tryggingarskylt skv. alþýðutryggingarlögunum. Borgarstjóra falið að semja við Tryggingarstofnunina um að slysatryggja starfsfólkið.
14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 9.þ.m.
15. Lögð fram tillaga Sig. Jónassonar um móöflun á þessu sumri, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 9. þ.m.
16. Lögð fram tillaga frá bæjarftr. Alþýðuflokksins um verðlagsuppbót á starfsmannalaun, er vísað var til bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi 9.þ.m.
17. Lögð fram tillaga frá bæjarftr. Alþýðuflokksins er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 9.þ.m., um að leita samkomulags við útgerðarfyrirtæki um framlag til atvinnuaukningar.
18. Lagt fram brjef fjármálaráðuneytisins, dags. 9. þ.m., þar sem fallist er á tillögur A/S.Höjgaard & Schultz í brjefi, dags. 23. f.m., sbr. fundarg. bæjarráðs 26. f.m., 11. lið.
19. Lagt fram brjef frá Sveini Sveinssyni, Grund.2, og Þórði Þórðarsyni, Garð.8, með nýju tilboði um sölu á mó frá Brautarholti á Kjalarnesi, 2400 tonnum.
20. Lagt fram tilboð Valdimars Þórðarsonar, Kirkjusandi, um sölu á mó frá Brautarholti,1000 tonnum.
21. Bæjarverkfræðingur skýrði frá samanburði, sem hann hefir gert á tilboðum um sölu á mó,nú á sumri komandi.

Fleira gerðist ekki.Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Halldórsson. Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson. Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**B Æ J A R R Á Ð .**

Ár 1940, föstudaginn 17. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Sigurvini Einarssyni að byggja sumarskúr á erfðafestulandinu Fossvogsbl. L, stærð 24,96 ferm.

2. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXI með hænsnabúi fyrir kr. 8500.-. Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XIX með Syðra- Langholti, svo og erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. V, fyrir alls kr. 75.000.- Hafnað.

4. Júlíus Magnússon býður húsið Reykjavíkurveg 7 til sölu. Bæjarráð vill ekki sinna tilboðinu.

5. Erindi Árna Þórðarsonar, Fjölnisvegi 20, um að bæjarsjóður kaupi af honum grjót, vísað til bæjarverkfræðings.

6. Erindi Jóns B. Jónssonar, Efrihlíð, um leyfi til mótöku í Fossvogi vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

7. Lagt fram brjef frá Landsbanka Íslands, dags. 15. þ.m., þar sem bankinn fellst fyrir sitt leyti á tillögur A/S. Höjgaard & Schultz í brjefi firmans 23. f.m.

8. Lagt fram tilboð Þorleifs B. Þorgrímssonar, Grett.47, um sölu á 500 tonnum af mó frá Grundarfirði. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

9. Samþ. að taka tilboði Stangaveiðifjelags Reykjavíkur, dags. 22. f.m., um leigu á veiðirjetti í Elliðaánum nú í sumar.

10. Samþ. að Rafmagnsveitan greiði fyrir rafmagnskaup hjá Sogsvirkjun árið 1939 kr. 742.681.56, þ.e, allan reksturskostnað Sogsvirkjunar, þ.á.m. aukningar, svo og afborganir lána, annara en skuldarinnar við Rafmagnsveituna.

11. Ólafur H. Matthíasson, Njálsg. 92, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 16. þ.m.

13. Lagt fram brjef frá Barnaverndarráði Íslands, dags. 14. þ.m., með skýrslu um fund ráðsins þann dag, þar sem rætt var um fyrirgreiðslu þess að flytja megi börn úr bænum nú í sumar.

14. Synjað lánsbeiðni Símonar Bjarnasonar, Lvg. 73.

15. Ákveðið að bæjarsjóður kosti dvöl ca. 40 barna á barnaheimili Odd-fellowa við Silungapoll nú í sumar, á sama hátt og undanfarin ár.

16. Lagt fram brjef frá Ársæli Jónssyni, Hvg. 49, o.fl., um aðstoð til þess að taka upp ca. 3000 tonn af mó á Kjalarnesi. Borgarstjóra heimilað að veita þeim aðstoð til kaupa á móeltivjel, en að öðru leyti var erindinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

17. Borgarstjóra heimilað að veita Sveini Sveinssyni, Grund. 2, og Þórði Þórðarsyni, Garð. 8, aðstoð til kaupa á móeltivjel.

18. Borgarstjóra heimilað að semja við Oscar Clausen um kaup á ca.1000 tonnum af mó frá Grundarfirði, sbr. tilboð hans 22. apríl s.l.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Jakob Möller. Pétur Halldórsson. Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson. Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 24. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa Geir Gunnlaugssyni, Eskihlíð A, að byggja verkfærageymslu úr timbri á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti 36.

2. Samþ. að leyfa Þórarni Arnórssyni, Laufásvegi 10, að byggja sumarhús úr steyptum holsteini á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 36.

3. Lögð fram beiðni Hestamannafjelagsins Fáks um beitiland í Geldinganesi, og ennfremur beiðni frá Sveini Jónssyni um leigu á Geldinganesi til að koma þar upp æðarvarpi. Borgarstjóra falið að athuga, hvort þessar tvær umsóknir geti ekki samrýmst og honum falið málið til afgreiðslu að öðru leyti.

4. Lagt fram brjef frá stjórn Fasteignaeigendafjelags Reykjavíkur, dags. 23. maí, um erindrekstur fjelagsins fyrir húseigendur á laugavatnshitasvæðinu í bænum.

5. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 24. maí, þar sem óskað er umsagnar um erindi lögreglustjórans hjer um fjölgun lögreglunnar í bænum.

6. Lögð fram beiðni Lögreglufjelags Reykjavíkur um dýrtíðaruppbót á laun lögregluþjóna.

7. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

8. Samþ. að heimila borgarstjóra að veita Kristjóni Jónssyni, Skólavörðustíg 26, 1500 króna lán úr bæjarsjóði gegn veði í húseign hans.

9. Samþ. að mæla með umsóknum eftirtalinna ekkna um styrk úr styrktarsjóði Hjálmars kaupmanns Jónssonar:

Kristjana Hálfdánardóttir, Elliheimilinu.
Kristín S. Hafliðadóttir, Barónsstíg 61,
Sigríður Þorsteinsdóttir, Laugavegi 86 A.
Þórunn Kr. Þorsteinsdóttir, Vonarstræti 8.

10. Borgarstjóra heimilað að selja lögreglubifreiðina R.250.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jakob Möller.
Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson.

14. Útsvarsmál:

Morten Ottesen.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.
Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller.
Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B æ j a r r á ð.

Ár 1940, föstudaginn 31. maí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef Vjelstjórafjelags Íslands, dags. 27. maí, viðvíkjandi launakjörum yfirvjelgæzlumanns við Rafmagnsveituna.- Bæjarráð sjer ekki ástæðu til að taka nýja ákvörðun um þetta mál.

2. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 30. maí, ásamt reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 61, 14. júní 1933, um raforkuvirki.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti VIII. fyrir kr. 11.000.oo. Hafnað.

4. Lagt fram brjef Birgis Thorlacius, dags. 27. maí, þar sem hann óskar eftir að fá leigða jörðina Elliðavatn þegar hún losnar úr ábúð.
Bæjarráð vill ekki taka neina ákvörðun um ráðstöfun á jörðinni að svo stöddu.

5. Lögð fram beiðni frá Páli Þorkelssyni, Seljavegi 7, um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi.- Samþ. að mæla með beiðninni við bæjarstjórn.

6. Lögð fram beiðni frá Þórarni Kjartanssyni og Guðrúnu Daníelsdóttur, Laugavegi 76, um meðmæli með umsókn um veitingaleyfi. Samþ. að mæla með beiðninni við bæjarstjórn.

7. Eftir tillögu heilbrigðisnefndar samþykkti bæjarráðið að kaffi- og matsölu megi reka í húsnæði því í Hafnarstræti 15, er þeir Magnús Jónsson og Einar Eiríksson ætla að reka slíkar veitingar í.

8. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29. maí.

9. Lögð fram skoðunargjörð á erfðafestulandinu Norðurmýrarbl. VIII. Ákveðið að láta fara fram yfirmat.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

11. Lagðir fram og samþykktir samningar um tryggingar lögreglu- og slökkviliðs við Tryggingarstofnun ríkisins.

12. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að greidd ~~verði í júnímánuði~~ fyrir maím. uppbót á laun fastra starfsmanna bæjarins, eftir sömu reglum og ríkið greiðir uppbót á laun starfsmanna sinna, en ákvörðun um málið frestað að öðru leyti.

13. Lagt fram brjef forstjóra Sundhallarinnar um aðsókn breska setuliðsins að Sundhöllinni.

14. Útsvarsmál:
Morten Ottesen.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller.

Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 7. júní, kl. 4 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að taka tilboði frá O. Johnson & Kaaber h.f. um kaup á 2300 smálestum af gaskolum.

2. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XX. Þannig að annar hlutinn verði 2,48 ha. en hinn 1.28 ha.,enda verði ekki leyfð bygging á minni hlutanum nema með því skilyrði, að bygginguna mætti síðar taka burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, ef bæjarráð álítur þess þörf.

3. Boðinn forkaupsrjettur að 1.28 ha. spildu úr erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XX A fyrir kr. 3000.-. Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XIV fyrir kr. 2000.- .Hafnað.

5. Samþ. að leyfa Elínu Guðmundsdóttur, Lindargötu 30, að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XIV.

6. Lagt fram brjef frá Guðmundi Sveinssyni, Laugavegi 58, þar sem hann biður um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII. Bæjarráð ítrekar synjun sína.

7. Lögð fram beiðni frá Hafliða Jónssyni. Njálsgötu 1, um leyfi til að reka gistihús.

8. Synjað beiðni frá Halli L. Hallssyni, um erfðafestuland í Krossamýri handa Skúla syni hans.

9. Lagt fram brjef Dýraverndunarfjelags Íslands um vörslu og hirðingu óskila húsdýra í bænum.- Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

10. Lagt fram brjef Kvennaheimilisins Hallveigarstaðir h/f. um húsnæði fyrir húsmæðraskóla.- Frestað til athugunar.

11. Lagt fram brjef frá mæðrastyrksnefnd um meðlag með börnum.

12. Lögð fram fundargerð heilbrigsisnefndar frá 4. júní.

.Lagt fram brjef frá Barnaverndarráði Íslands og Rauða Kross Íslands þar sem óskað er eftir stuðningi bæjarins til þess að koma sem flestum börnum í sumardvöl í sumar.- Bæjarráð vill veita máli þessu stuðning, en leggur áherzlu á að sem flestum börnunum verði komið fyrir á sveitaheimilum og felur borgarstjóra að tilnefna mann í væntanlega framkvæmdanefnd.

14. Bæjarráð felur borgarritara og bæjarverkfræðingi að semja nú um kaup á eltimó frá Kjalarnesi af Sveini Sveinssyni o.fl. og Ársæli Jónssyni o. fl., 500 tonn af hvorum, enda fáist lán til kaupanna og trygging fyrir því, að bæjarsjóður bíði ekki tjón af kaupunum.

15. Borgarritara og bæjarverkfræðingi falið að taka upp samninga við Slippfjelagið um framlengingu á samningi, makaskifti á lóðum o.fl. í sambandi við væntanlega byggingu á horni Mýrargötu og Ægisgötu.

16. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Jón Axel Pétursson.
Bjarni Benediktsson. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 14. júní, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti XX fyrir kr. 11.000.oo. Hafnað.

2. Samþ. að leyfa Kristjáni Einarssyni að setja upp loðdýragirðingu á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti VI, enda verði girðingin tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar bæjarráð krefst þess.

3. Lagt fram brjef frá Íþróttasambandi Íslands þar sem lagt er til, að ráðinn verði sjerstakur íþróttaráðunautur fyrir Reykjavík.

4. Lagt fram brjef frá Íþróttasambandi Íslands þar sem þess er óskað, að landið við Öskjuhlíðina, í hinu væntanlega íþróttasvæði, verði brotið nú þegar.- Samþ. að láta brjóta landið svo fljótt sem við verður komið.

5. Synjað erindi Sigurvins Einarssonar, Egilsgötu 18, um sölu á mó.

6. Lagt fram brjef frá búendum í Laugaholti viðvíkjandi beitilandi fyrir kýr þeirra.

7. Samþ. að heimila Sch. Thorsteinsson og Arngr.Kristjánssyni að efna til hátíðahalda syðst í skemmtigarðinum við Tjörnina laugardagskvöldið 22. þ.m.

8. Bæjarráð telur ekki aðgengilegt að semja um húsaleigu fyrir húsmæðraskóla í húsinu Túngötu 6 við nýjan eiganda þess, eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja.

9. Lögð fram tvö brjef frá hjeðaðslækni viðvíkjandi bifreiðakostnaði hans.

10. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson.
Helgi H. Eiríksson. Guðm. Eiríksson.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pétursson. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bæjarráð.

Ár 1940, föstudaginn 21. júní, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Krossamýrarbletti V fyrir kr. 300.oo. Hafnað.

2. Samþ. að leyfa Árna J. Sigurðssyni og Þorgeiri Sigurðssyni, Urðum í Sogamýri, að setja upp loðdýragirðingu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXVI.

3. Bæjarráðið vill ekki fallast á að leysa úr leigu fiskverkunarlóð h/f. Hængs í Kaplaskjóli með þeim skilmálum, að fjelagið hafi forgangsrjett til endurleigu á lóðinni.

4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 33 við Hringbraut við þessa lögregluþjóna: Ármann Sveinsson, Jón Jónsson, Friðrik Jonsson, Magnús Pjetursson, Axel Helgason, Bjarni Eggertsson, Ágúst Kristjánsson, Haraldur Jensson, Hallgrímur Jónsson, Hafsteinn Hjartarson, Steinþór Ásgeirsson, og Þórður Benediktsson.

5. Synjað beiðni frá Pálma Pálmasyni um leiguland við Helluvatn.

6. Synjað beiðni Ingimundar Ólafssonar, Holtsgötu 23, um leyfi til að selja fisk úr vagni á lóðinni nr. 17 við Karlagötu.

7. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti VII fyrir kr. 8.500.oo. Hafnað.

8. Lagt fram brjef frá vörubílastöðinni Þróttur um vinnu við bifreiðaakstur í hitaveitunni.- Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

9. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs verkamanna- og Sjómannafjelaganna í Reykjavík fyrir árið 1939, ásamt skýrslu um starfsemi sjóðsins það ár.

10. Lagt fram brjef frá Fasteignaeigendafjelagi Reykjavíkur ásamt áskorun 215 skattgreiðenda í bænum um að hert verði á innheimtu útsvara.

11. Samþ. að leigja Skúla Hallssyni 1 ha. land til refaræktar í Krossamýri eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.
Jón Axel Pétursson.

Bjarni Benediktsson.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 28. júní, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef frá Íþróttasambandi Íslands viðvíkjandi væntanlegu íþróttasvæði við Öskjuhlíðina.

2. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XXII fyrir kr. 16.514.26. Hafnað.

4. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 1 við Kaplaskjólsveg við Frímann Guðjónsson bryta á e/s. Lagarfoss.

5. Flugfjelag Íslands fer fram á að vatnsæð verði lögð frá Vatnsveitu bæjarins að flugskýlinu við Skerjafjörð. Bæjarverkfræðingi falið að láta gera kostnaðaráætlun um verkið.

6. Lagt fram brjef lögreglustjóra með skýrslu yfirlögregluþjóns götulögreglunnar um umferðina í Miðbænum. Falið bæjarverkfræðingi og borgarritara til athugunar.

7. Bæjarráð telur ekki fært að taka afstöðu til tillögu lögreglustjóra um fjölgun lögregluþjóna fyr en í sambandi við samningu fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

8. Synjað erindi um að bæjarsjóður greiði símaafnotagjald lögregluþjóns.

9. Lagt fram brjef Landsbanka Íslands, dags. 28. þ.m., viðv. lántöku bæjarsjóðs til greiðslu á skuldum við bankann .

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.

fjelaga greiði í útsvar á þessu ári sömu upphæðir og í fyrra, en útsvarið verði síðar reiknað út lögum samkvæmt þegar upplýsingar fást frá Danmörku, sem nauðsynlegar eru til þess.

19. Lagt fram brjef frá Lögreglufjelagi Reykjavíkur um greiðslu dýrtíðaruppbótar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson. Guðm. Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 5. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Þóris Baldvinssonar um styrk til þess að gera tilraun með sjerstaka rafmagnsupphitun húsa.

2. Bæjarráðið felur rafmagnsstjóra að krefjast þess áfram svo sem hingað til, að Rafveita Hafnarfjarðar setji tryggingu fyrir viðskiptum sínum við Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

3. Boðinn forkaupsrjettur að 1/3 erfðafestulandsins Fossvogsbletti XXIV fyrir kr. 1.166.66. Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XVII fyrir kr. 26,000.--. Hafnað.

5. Lagt fram brjef Guðbjartar T. Torfasonar, Lyngholti, þar sem hann fer þess á leit, að erfðafestulöndin Sogamýrarblettur LVIII og XXVI verði sameinuð að nýju.- Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Lögð fram yfirmatsgjörð á erfðafestulandinu Norðurmýrarbl. VIII.

7. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 3 við Kaplaskjólsveg við Richard Eiríksson.

8. Lagt fram brjef frá stjórn Sjómannastofunnar um ókeypis lóð undir sjómannaheimili nálægt höfninni. Vísað til hafnarstjórnar.

9. Lagt fram brjef frá forstjóra Landssmiðjunnar þar sem krafist er skaðabóta vegna tjóns, sem orðið hefir á skrifstofu Landssmiðjunnar vegna skolpleiðslustíflu í brunni á Klapparstíg.- Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

10. Lagt fram brjef Bergþórs Pálssonar, Sölvhólsgötu 12, um skaðabætur fyrir tjón af vatnsflóði.- Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

11. Lagt fram brjef frá landlækni um þáttöku bæjarsjóðs við að auka húsrúm fyrir geðveika sjúklinga á Kleppsspítala. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

12. Samþ. að greiða Svövu Jóhannesdóttur, Bakkastíg 3, skaðabætur fyrir skemmdir á skóm.

13. Lögð fram tillaga Soffíu Ingvarsdóttur frá bæjarstjórnarfundi í gær um dýrtíðaruppbót á meðlög barnsfeðra með óskilgetnum börnum.- Samþ. að senda fjelagsmálaráðuneytinu tillöguna til athugunar.

14. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

15. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um störf stofunnar í apríl og maí.

16. Samþ. að mæla með því, að Sigríði Fjeldsted, Lækjargötu 10 verði veitt veitingaleyfi.

17. Bæjarráðið sjer ekki ástæðu til að gera sjerstakar ráðstafanir til þess, að Ara Guðmundssyni, áður bónda á Laugalandi, verði veitt atvinna hjer í bænum.

18. Bæjarráðið vill fallast á, að umboð danskra líftryggingafjelaga greiði í útsvar á þessu ári sömu upphæðir og í fyrra, en útsvarið verði síðar reiknað út lögum samkvæmt þegar upplýsingar fást frá Danmörku, sem nauðsynlegar eru til þess.

19. Lagt fram brjef frá Lögreglufjelagi Reykjavíkur um greiðslu dýrtíðaruppbótar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Eiríksson. Guðm. Ásbjörnsson. Bjarni Benediktsson. Jónaxel Petursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 12. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Norðurmýrarbl. VIII fyrir kr. 7000.-. Hafnað, enda telur bæjarráð söluverð langtum hærra en hæfilegt endurkaupsverð bæjarsjóðs.

2. Lögð fram matsgerð lóðamatsnefndar á spildu af lóðinni nr. 1 við Veghúsastíg, sem tekin verður undir götuna.

3. Bæjarráð leggur til að tekin verði upp einstefnuakstur bifreiða, vagna og reiðhjóla um Hafnarstræti frá vestri til austurs.

4. Svohlj. tillaga gerð til bæjarstjórnar:

" Bæjarstjórn ákveður að setja þær umferðarreglur á götum, þar sem einungis er leyfður einstefnuakstur, að þar megi ekki leggja bifreiðum nema hægra megin á akbrautinni, þó megi fólksbifreiðar nema staðar vinstra megin, til þess eins að taka farþega eða skila þeim, en öll bið sje bönnuð þeim megin á götunni.
Reiðhjól má skilja eftir eingöngu við gangstjett vinstra megin."

5. Samþ. að fela garðyrkjuráðunaut bæjarins að láta framkvæma varnir gegn kartöflumyglu í leigugörðum bæjarins nú í sumar. Gert ráð fyrir að kostnaður nemi kr. 4000 - 5000.-.

6. Samþ. að greiða Mæðrastyrksnefndinni kr. 1500.- til sumardvalar fyrir mæður, ungbörn, og Húsmæðrafjelaginu kr. 1500.- í sama skyni.

7. Henrik Rasmus býður 100 tonn af mó frá Katanesi í Hvalfirði til sölu fyrir verð, sem svari til verðlags á mó sem bæjarsjóður hefir fest kaup á.

Bæjarráð telur ekki líklegt að það festi kaup á meiri mó nú í sumar en þegar er orðið, en ef til þess kæmi vill bæjarráð sinna þessu tilboði, en því aðeins, að kaupin verði miðuð við að seljandi flytji móinn til Reykjavíkur.

8. Samþ. að taka tilboði frá A/S. Höjgaard & Schultz um að byggja brú yfir Tjörnina, í Skothúsvegi, sem nauðsyn ber til að láta gera, m.a. vegna hitaveituæðar, sem þar á að leggja.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pétursson.
Helgi H. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson.
Guðm. Eiríksson.

Sigurðsson, Garð. 17, Sigurður Erlendsson, Grund. 15, Helgi Kristjánsson, Hörpugötu 13, H.J.Hólmjárn, Jón P. Dungal, Hvammi í Krossamýri, Vigfús Guðmundsson, Hreðavatnsskála, Sveinbjörn Egilsson, Mararg. 4, Hannes Arnórsson, Gunnarsbraut 30, Guðmundur Pétursson, Hringbraut 180, Hjörtur Jónsson, Leifsgötu 13.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pétursson.

Jakob Möller.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 19. júlí, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XIII fyrir kr. 24.500.-. Hafnað.

2. Samþ. að leyfa byggingu skúrs á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. XXXVI. Áætlað kostnaðarverð kr. 400.-.

3. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti skipulag á Mýrargötu,skv. framlögðum uppdrætti, og að Slippfjelagið fái þegar að hefja byggingar skv. því, að því áskildu að samkomulag verði á þeim grundvelli, að Slippfjelagið og stálsmiðjan skuldbindi sig til að leggja bænum til lóðir undir Mýrargötu, en fái í þess stað lóðir bæjarins í götustæði því, þar sem Mýrargata áður var fyrirhuguð, enda verði tryggður umferðarrjettur að eignum þeim, sem þá liggja hvergi að götum.

4. Lagt fram brjef frá forstjóra Sundhallarinnar varðandi aðsókn að Sundhöllinni. Falið borgarstjóra til meðferðar.

5. Samþ. að greiða starfsmönnum bæjarins verðlagsuppbót á laun þeirra frá síðustu áramótum eftir sömu reglum sem starfsmönnum ríkisins er greidd slík uppbót.
Gjalddagi uppbótarinnar eftir ákvörðun borgarstjóra.

6. Erindi Valdimars Kr. Árnasonar, Vitastíg 9, um framleiðslu hans á einangrunarflóka vísað til verkfræðings hitaveitunnar til umsagnar.

7. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 18. þ.m.

8. Synjað erindi Garðars S. Gíslasonar, Grund. 10, um leyfi til þess að starfrækja söluvagn.

9. Lagt fram erindi frá Trjesmiðafjelagi Reykjavíkur þar sem skýrt er frá óvenjulegu atvinnuleysi trjesmiða og óskað eftir að bæjarráð taki það mál til athugunar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller.

Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson.

Sigurðsson, Garð. 17, Sigurður Erlendsson, Grund. 15, Helgi Kristjánsson, Hörpugötu 13, H.J.Hólmjárn, Jón P. Dungal, Hvammi í Krossamýri, Vigfús Guðmundsson, Hreðavatnsskála, Sveinbjörn Egilsson, Mararg. 4, Hannes Arnórsson, Gunnarsbraut 30, Guðmundur Pétursson, Hringbraut 180, Hjörtur Jónsson, Leifsgötu 13.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pétursson.

Jakob Möller.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 26. júlí, kl. 4 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Lögð fram beiðni Páls Helgasonar, Laugavegi 76, um land undir minkabú í Ártúnslandi.- Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
2. Lagt fram brjef Óskars J. Þorsteinssonar um sölu á spildu úr lóð hans við Bræðraborgarstíg, sem fara á undir Drafnarstíg.- Bæjarverkfræðingi falið að leita samninga við hann.
3. Lagt fram brjef Slippfjelagsins, dags. 23. júlí, viðvíkjandi skipulagsbreytingu á Mýrargötu.
4. Lagt fram brjef frá Fasteignaeigendafjelags Reykjavíkur þar sem þess er óskað, að gerður sje leigusamningur til 35 ára um nokkrar lóðir við Langholtsveg.- Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
5. Bæjarráð getur ekki fallist á að verða við tilmælum lögreglustjóra um að reikna starfsaldur Páls Guðjónssonar lögregluþjóns frá 1. maí 1936 og ákveða laun hans í samræmi við það.
6. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að mælt verði með veitingaleyfisumsókn Kristínar Sigurðardóttur, Barónsstíg 20.
7. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að mælt verði með veitingaleyfisumsókn Jóns B. Helgasonar.
8. Lögð fram beiðni Ingibjargar Karlsdóttur, Gunnarsbraut 30, um meðmæli með veitingaleyfisumsókn.- Vísað til bæjarstjórnar.
9. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
10. Samþ. að greiða kolaeftirlitsmanni 200 króna mánaðarlaun frá 1. ág. fyrst um sinn þar til annað verður ákveðið.
11. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um rekstur stofunnar í júnímánuði.
12. Útsvarsmál:
    Fredrik Jensen, Hringbraut 68, Sigtryggur Agnarsson, Brávallagötu 26, Stefán Runólfsson, Gunnarsbraut 34, Hákon Ólafsson, Brekk.14, Ólafur Ólafsson, Bank. 11, Stefanía Sigurjónsdóttir, Smárag. 2, Pétur F. Runólfsson, Sólvallagötu 7, E. Bassvik, Karl Petersen, Sólvallagötu 22, Sigurjón Björnsson, Vesturvallagötu 6, Páll Jónsson, Ingólfsstræti 6, Sigurgeir Sigurdórsson, Bar. 3 A, Björgólfur Sigurðsson, Hverf. 112, Jón I. Helgason, c/o. Landssmiðjan, Jón Ragnar Þorsteinsson, Hring. 69, Hallgrímur Pétursson, Njál. 72, Bjarni Halldórsson, Berg. 48 A, Davíð Guðmundsson, Hrefnug. 4, Þorleifur Þorleifsson, Hellusundi 6, Guðmundur Jóhannesson, Hringbr. 189, Guðfinna I. Helgadóttir, Grett. 77, Matthías Þórðarson, Von. 8, Þorsteinn Jónsson, Lind. 41, Dagný Júlíusdóttir, Tjarnargötu 10, Dandestel, Laug. 34, Kristín Bjarnadóttir, Vífilsgötu 10, Halldór Sigurðsson, Garð. 17, Sigurður Erlendsson, Grund. 15, Helgi Kristjánsson, Hörpugötu 13, H.J.Hólmjárn, Jón P. Dungal, Hvammi í Krossamýri, Vigfús Guðmundsson, Hreðavatnsskála, Sveinbjörn Egilsson, Mararg. 4, Hannes Arnórsson, Gunnarsbraut 30, Guðmundur Pétursson, Hringbraut 180, Hjörtur Jónsson, Leifsgötu 13.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pétursson.

Jakob Möller.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 2. ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Guðbjartar I. Torfasonar um að erfðafestulöndin Sogamýrarblettur LVIII og XXVI verði sameinuð.

2. Erindi Glímufjelagsins Ármanns um land undir bátaskýli austanvert við Nauthólsvík, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

3. Erindi sama fjelags, um leikvöll í Nauthólsvíkurlandi, vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Lagt fram brjef grænmetisverzlunar ríkisins um leyfi til að byggja kartöflugeymslu inn við Elliðaár. Falið bæjarverkfræðingi og borgarritara til afgreiðslu.

5. Lögð fram áætlun um afkomu Gasstöðvarinnar 1.ág. 1940 til 1. ág. 1941.

6. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 1.ág., þar sem hann leggur til, að gerðar verði breytingar á 19. og 79. gr. lögreglusamþykktarinnar.- Málinu frestað.

7. Lagt fram brjef Gunnars Þorsteinssonar hrm. viðvíkjandi brunabótamati hússins Hrefnugötu 1. - Falið borgarritara til meðferðar.

8. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að mælt verði með veitingaleyfisumsókn Rósu Einarsdóttur, Vesturgötu 45.

9. Synjað beiðni Kristins Friðrikssonar, Miðstræti 3 A, um leyfi til að hafa kaffivagn.

10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.

Jón Axel Pétursson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pétursson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, þriðjudaginn 6. ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram og rædd brjef Skipulagsnefndar 21. desember 1939 og 26. apríl 1940, brjef bæjarverkfræðings 2. febr. og 25. marz 1940, öll varðandi skipulag Miðbæjarins og Grjótaþorpsins.

   Svo voru og lagðir fram uppdrættir sem fylgdu þessum brjefum.

   Á fundinum mætti fulltrúi Skipulagsnefndar, Hörður Bjarnason arkitekt, svo og bæjarverkfræðingur og húsameistari bæjarins.

2. Rætt um bráðabirgðalög um loftvarnarráðstafanir útg. 2.þ.m. og birt í Lögbirtingablaðinu í dag.

   Borgarritara falið að fá skýrslu lögreglustjóra um þær loftvarnarráðstafanir, sem til þessa hafa verið gerðar, svo og kostnað við þær.

   Þar til bæjarstjórn getur tekið ákvörðun um ráðstafanir skv. nefndum bráðabirgðalögum, óskar bæjarráð þess, að haldið verði áfram loftvarnarstarfsemi á svipaðan hátt sem verið hefir, enda samþykki borgarritari öll útgjöld í þessu skyni.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Eiríksson. Jón Axel Pétursson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 9. ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla loftvarnanefndar um skipulag loftvarna í Reykjavík og kostnað við þær.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXXVIII fyrir kr. 2.800.- Hafnað.
3. Lögð fram beiðni Flugfjelags Íslands h/f. um leyfi til að byggja flugskýli úr steinsteypu við Skerjafjörð. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
4. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 8. ágúst, þar sem hann leggur til, að bætt verði í lögreglusamþykktina ákvæði, er heimili lögreglustjóra að banna kvenfólki aðgang að skipum, er liggja á höfninni frá kl. 22-8, nema þeim, er eiga þangað brýnt erindi.
5. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 9. ágúst, ásamt tillögum Erlings Pálssonar yfirlögregluþjóns um breytingar á götuumferðinni.
6. Lagt fram brjef Kristjáns Erlendssonar viðvíkjandi innheimtu á opinberum gjöldum hans.
7. Samþ. að leggja til við bæjarstjórn, að mælt verði með veitingaleyfisumsókn Guðmundar R. Oddssonar, Laug. 61, og Ármanns Guðmundssonar, Þvervegi 40.
8. Lögð fram beiðni Axels Björnssonar, Öldugötu 34, um að mælt verði með veitingaleyfisumsókn hans. Vísað til bæjarstjórnar.
9. Lagt fram erindi eigenda íbúðarskúra í Rauðarárholti um framlengingu á leyfi til að láta skúrana standa þar.- Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
10. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um tölu atvinnulausra manna í gær.
11. Lagt fram brjef framkvæmdarnefndar um kostnað við sumardvöl barna á sveitaheimilum og sumardvalaheimilum.
12. Bæjarráð vill ekki verða við beiðni Glímufjelagsins Ármanns um að láta fjelaginu í tje leigulóð undir bátaskýli við Nauthólsvík.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Guðm. Eiríksson. Jón Axel Pétursson.

Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 16. ágúst, kl. 1 1/4 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram ályktun bæjarstjórnar 15. þ.m. varðandi loftvarnaráðstafanir. Skv. ályktuninni skipaði bæjarráð í Loftvarnanefnd : Gunnlaug Briem símaverkfr., Gunnlaug Einarsson lækni, Helga Tómasson yfirlækni og Jón Axel Pétursson bæjarftr. Jafnframt lýsir bæjarráð því yfir, að það ætlast til þess að skrifstofa loftvarnanefndar verði í slökkvi- stöðinni og starfrækt af slökkviliðsmönnum.

2. Bæjarráð vill ekki leyfa kúabeit í fjárgirðingu bæjarins í Breiðholtslandi.

3. Lagt fram brjef Vinnumiðlunarskrifstofunnar, dags. 14.þ.m., með skýringum á því hversu margir verkamenn hafi verið skráðir atvinnulausir hinn 8. þ.m.

4. Guðrún Jónasdóttir, Reykjavíkurvegi 6, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til þess að hún geti fengið veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með erindinu.

5. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 15. þ.m.

6. Lögð fram yfirlýsing h/f. Slippfjelagsins í Reykjavík og S/f. Stálsmiðjunnar, dags. í dag, 16.ágúst 1940, um að fjelögin láti bænum í tje götustæði undir fyrirhugaða Mýrargötu á milli Ægisgötu og Brunnstígs, gegn því að fá í staðinn götustæðið, sem til þessa hefir verið fyrirhugað á þessu svæði.
Bæjarráð telur yfirlýsinguna fullnægja skilyrðum sem sett voru fyrir samþykkt skipulagsbreytingarinnar á fundi 19. f.m. (sbr. 3.lið fundargerðarinnar) og felur borgarstjóra að gera tillögu að samningi við fjelögin á þeim grundvelli, sem lagður er með yfirlýsingunni.

7. Bæjarráð leyfir Eyjólfi Jóhannssyni, Óð. 3, að láta skúrbyggingu, sem hann á suður á Melum, norðan íþróttavallarins, standa fyrst um sinn um 1 árs skeið.

8. Bæjarráð vill framlengja um 1 árs skeið, frá 1. okt.n.k., leyfi til að láta skúrana, sem taldir eru við Rauðarárstíg 13 A- L, standa þar sem þeir eru nú.

9. Bæjarráð vill leyfa um 10 ára skeið frá næstu áramótum, að húsin Bráðræðisholt 2 og 7 megi standa þar sem þau eru nú, en húsin Sólbakki og Dvergasteinn á Bráðræðisholti megi standa um 2ja ára skeið frá sama tíma.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.
Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 23. ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef Jóns Halldórssonar f.h. starfsmanna í Gasstöðinni viðv. frídögum kyndara í stað vinnu þeirra á alm. frí-og helgidögum. Falið borgarritara til áthugunar.

2. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 13. þ.m. Bæjarráð samþ. veitingastofu á Vesturgötu 45.

3. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 20. þ.m.

4. Lögreglustjóri tilkynnir að Jón Jónsson lögreglubj. láti af störfum frá 1. septbr. n.k. skv. eigin ósk.

5. Samþ. að skipa Þorbjörgu Pálsdóttur og Aðalheiði Elinúsardóttur sem kvenskrifara, 2. flokks, við Rafmagnsveituna frá 1. septbr. næstkomandi.

6. Bæjarráð leggur til að verja allt að kr. 2500.oo til unglingavinnu við vegagerð austan Þingvallavatns, umfram fjárveitingu í fjárhagsáætlun, enda leggi ríkissjóður jafnmikið framlag á móti.

7. Samþ. að taka boði sem felst í brjefi fjármálaráðuneytisins til Rafmagnsveitunnar, dags. 12. þ.m., um að greiða afborgun og vexti pr. 1. júlí s.l. til Kjöbenhavns Handelsbank af láni Rafmagnsveitunnar 1925 alls d. kr. 33.600.-, í ísl. kr. til A/S. Höjgaard & Schultz hjer, með gengi á d. kr. 79.5o= 100 ísl. kr.

8. Bæjarráð vill ekki að svo stöddu leyfa fleiri loðdýrabú í bæjarlandinu.

9. Lagt fram brjef frá Þórarni Jónssyni, Smiðjuhúsi, dags. 22. þ.m., um afsal til eignar á nokkrum hluta erfðafestulands, sem fylgdi húsi hans. Bæjarráð vísar til samþykktar bæjarstjórnar 4. september 1931 um þetta mál.

10. Samþ. frv. að samningi á milli bæjarins og h/f. Slippfjelagsins í Reykjavík og s.f.Stálsmiðjunnar um eignaskifti o.fl. vegna breytingar á legu Mýrargötu.

11. Lagt fram brjef frá forstjóra Sundhallarinnar með tillögum um notkun Sundhallarinnar á næsta vetri. Falið borgarritara til meðferðar í samráði við forstjórann.

12. Lögð fram skýrsla Vinnumiðlunarskrifstofunnar um skrásetta atvinnulausa verkamenn 22. þ.m.

13. Sigríður Finnbogadóttir, Skaftafelli, Grímssth. sækir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

14. Laila Müller Jörgensen, Miðstr. 5, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

15. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar fyrir júlímánuð.

16. Samþ. að veita Lovísu Símonardóttur, Njálsg. 47, veðleyfi til þess, að taka lán út á eignina (Njg. 47) að upphæð kr. 2500.- er gangi fyrir veði bæjarsjóðs.

17. Garðar S. Gíslason, Grund. 10, ítrekar beiðni sína um að hafa söluvagn á þeim stöðum, sem brezka setuliðið hefir aðallega bækistöðvar sínar. Ákveðið að senda lögreglustjóra erindið.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller, Guðm. Eiríksson.
Bjarni Benediktsson. Jón Axel Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 30, ágúst, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist.

1. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bruna er varð í húsinu Brú á Grímsstaðaholti hinn 31. f.m., en þar kviknaði eldur frá rafmagnsofni. Óskað eftir frekari rannsókn í málinu.

2. Að fengnum nýjum upplýsingum vill bæjarráð fyrir sitt leyti samþykkja, að loðdýrabú megi hafa á Kleppsmýrarbl. XVII, enda verði mannvirki, sem gerð verða vegna búsins, tekin burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu, er krafist verður. Samþ. bæjarráðs 23.þ.m. (8. liður) helst að öðru leyti.

3. Samþ. að leyfa Guðrúnu Jónasdóttur, Reykjavíkurv.6, að setja til bráðabirgða skúr á lóð við Suðurgötu, eftir tilvísun bæjarverkfræðings, enda verði skúrinn fluttur af lóðinni, þegar krafist verður með eins mánaðar fyrirvara.

4. Lögreglustjórinn leggur til að komið verði upp útisímakerfi fyrir lögregluna. Ákvörðun frestað til fjárhagsáætlunar.

5. Lögreglustjórinn leggur til, að Karl Magnús Grönvold verði skipaður lögregluþjónn frá 1. septbr. þ.á. að telja, í stað Jóns Jónssonar, sem þá lætur af störfum.

6. Lögð fram umsókn Helga Sigurðssonar verfr. um erindi Fasteignaeigendafjelags Reykjavíkur, dags. 13. júní og 25. júlí s.l. þar sem farið er fram á að fastagjald til hitaveitunnar verði fellt niður a.m.k. í sumar, eða til vara lækkað um helming og að hitaveitugjaldið verði innheimt hjá notendum þess, en ekki húseigendum. Erindinu synjað.

7. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 27. þ.m. Eftir tillögu nefndarinnar var samþykkt að leyfa veitingar í húsnæði á Þvervegi 40, þá var samþ. að leyfa veitingar fyrst um sinn í eitt ár á þessum stöðum: Reykjavíkurvegi 3, Skaftafelli, Laugavegi 26 og um óákveðinn tíma á Bergþórugötu 2.

8. Tónlistafjelagið sækir um leyfi til reksturs kvikmyndahúss.

9. Bæjarráð getur ekki fallist á, að greiða skaðabætur fyrir tjón af flóði í húsunum nr. 12 og 14 við Sölvhólsgötu hinn 29. júní s.l.

10. Lagðar fram umsóknir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi frá:
   a. Agli Benediktssyni, Odd-fellowhúsinu,
   b. Hafliða Baldvinssyni, Hverf. 123,
   c. Sigríði Friðriksdóttur, Klapp. 9,
   d. Sigríði Á. Gísladóttur, Aðalstr. 7,
   e. Sigurði Gíslasyni, Týsgötu 5,
   f. Sigurði J. Veturliðasyni, Vonarstræti 10.

   Erindunum vísað til bæjarstjórnar.

11. Samþ. að heimila fjáreigenda-fjelaginu að taka 1 kr. af fjáreigendum fyrir hverja kind til þess að anna fjallskilum, í stað 75 aura skv. samþ. bæjarstjórnar 6. sept. 1928.

12. Útsvarsmál: Þorsteinn Bjarnason, Freyjug. 16.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller.
Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B æ j a r r á ð .

Ár 1940, föstudaginn 6. sept., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Bæjarráð samþykkir að reka megi veitingar í þessum húsum: Laugavegi 45, Laugavegi 46, Laugavegi 63, Vitastíg 14 A, Hverfisgötu 32, Vonarstræti 4.

2. Lagt fram brjef frá rektor háskólans, dags. 29. ágúst, þar sem þess er óskað að háskólanum verði veitt leyfi til að reka kvikmyndahús.

3. Lagt fram brjef Sambands íslenzkra Karlakóra þar sem þess er óskað, að karlakórum bæjarins verði sjeð fyrir húsnæði í Miðbæjarskólanum til æfinga.- Ákveðið að fá umsögn skólanefndar.

4. Lagðar fram umsóknir til þess að fá veitingaleyfi frá:
   a. Maríu Ammendrup, Grett. 1,
   b. Jónínu Guðmundsdóttur, Hverf. 82,
   c. Kristínu Óladóttur, Grett. 16,
   d. Elíasi Árnasyni matsveini á e/s. Dettifossi.

5. Samþ. að mæla með umsókn Sigurðar Jóns Veturliðasonar um veitingaleyfi.

6. Lagt fram brjef frá Ingolfi Espholín um kaup á efni til hitaveitunnar.
   Falið verkfræðingum hitaveitunnar til athugunar.

7. Lagt fram brjef fiskimálanefndar, dags. 5. sept., þar sem tilkynnt er, að nefndin geti ekki fallist á að veita bæjarsjóði forkaupsrjett að vjelum þeim, sem nefndin á í íshúsinu við Skothúsveg.- Samþ. að skrifa atvinnumálaráðuneytinu og endurnýja fyrri tilmæli um þetta.

8. Lagður fram reikningur Gasstöðvarinnar árið 1939.

9. Lagður fram reikningur Rafmagnsveitunnar árið 1939.

10. Lagður fram reikningur Sogsvirkjunarinnar árið 1939.

11. Samþ. að hafa Sundhöllina opna á sunnudögum fyrst um sinn frá kl. 3 til 8 e.h., eingöngu fyrir brezka setuliðið, og sundhallarstjóra heimilað að greiða óhjákvæmilegan kostnað við það.

12. Lögð fram tillaga Sigurðar Jónassonar frá bæjarstjórnarfundi í gær um greiðslu afborgunar og vaxta til Köbenhavns Handelsbank.

13. Lagt fram brjef Trjésmiðafjelags Reykjavíkur og Múrarameistarafjelags Reykjavíkur ásamt afriti af brjefi þessara fjelaga til atvinnumálaráðherra viðvíkjandi starfsemi Höjgaard & Schultz.

14. Lögð fram greinargerð frá A/S. Höjgaard & Schultz um verk þau, er firmað hefir tekið að sjer hjer, önnur en hitaveituna.

   Tekur firmað fram, að það hafi tekið að sjer önnur verk eingöngu eftir beinni beiðni verksalanna, og að firmað hafi ekki tekið að sjer framkvæmdir í samkeppni við innlenda byggingarmenn.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Tómas Jónsson.

Jakob Möller.
Bjarni Benediktsson.
Gunnar Thoroddsen.
Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Bæjarráð.

Ár 1940, föstudaginn 13. september, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Valdimar Þórðarson sækir um leyfi til þess að taka ís á tjörninni í Vatnagörðum á vetri komandi.
Bæjarverkfr. heimilað að verða við erindinu.
2. Húseigendur við Laugaveg og Hverfisgötu innan Rauðarárstígs, svo og við Mjölnisveg æskja þess að fá vatn frá Laugaveitunni ef vatn eykst við boranirnar hjá Þvottalaugunum, til vara þegar er Reykjaveitan verður fullgerð. Ennfremur æskja þeir þess að Laugavegurinn verði fullgerður á þessum kafla. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.
3. Lagt fram brjef Fasteignaeigendafjelags Reykjavíkur, dags. 9. þ.m., varðandi kröfur fjelagsins um lækkun hitaveitugjalds- (mánaðarlegs fastagjalds) og um að gjaldið verði innheimt hjá notendum en ekki húseigendum.
Bæjarráð tekur fram, að því aðeins er unnt að innheimta hitagjaldið beint hjá hverjum notanda, að þeir hver um sig hafi sjálfstæða hitalögn.
Jafnframt felur bæjarráð bæjarverkfræðingi að taka til athugunar, hvort ekki muni rjett að endurskoða gjaldskrá hitaveitunnar og færa gjaldið til meira samræmis við kolaverð en nú er.
4. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti leyfa Garðari S. Gíslasyni, Grund. 10, að starfrækja söluskúr við Reykjanesbraut eftir tilvísun bæjarverkfræðings, enda verði skúrinn fluttur burtu bæjarsjóði að kostnaðarlausu er krafist verður.
5. Samþ. að taka úr erfðafestu ca. 0,91 ha. af erfðafestulandinu Köllunarklettsbletti og falið bæjarverkfræðingi og borgarritara til meðferðar.
6. Lagt fram brjef bæjarverkfræðings, dags. í dag, um húsaleigu fyrir skólahúsnæði er brezka setuliðið hefir notað síðan í vor
7. Skíðaráð Reykjavíkur beinir tilmælum til bæjarráðs um að það beiti sjer fyrir því, að brezka setuliðið láti flytja nokkra hermannaskála, sem verið er að reisa við Ártúnsbrekkuna.
Falið borgarritara til fyrirgreiðslu.
8. Að gefnu tilefni í brjefi lögreglustjóra, dags. 13.þ.m., varðandi skipun loftvarnamála bæjarins ítrekar bæjarráð ályktun sína á fundi 16. f.m. um að það telur sjálfsagt að forstaða loftvarnanna verði falin slökkviliðsstjóra undir stjórn loftvarnanefndar.
9. Lagt fram brjef Árna B. Knudsen varðandi kjör hans sem starfandi að staðaldri á Manntalsskrifstofunni. Bæjarráð sinnir ekki erindinu.
10. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar í ágúst.
11. Bæjarráð mælir með því, að Sigríði Finnbogadóttur, Skaftafells verði veitt veitingaleyfi.
12. Stefán Thorarensen lyfsali sendir bæjarráði erindi um brunatryggingu húseigna í Reykjavík. Falið borgarstjóra til athugunar.
13. Jakob Einarsson, Stað v/ Laugarásveg, og Sigurjón Danívalsson Grett. 84, beiðast meðmæla til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
14. Útsvarsmál: Svanur h/f., Árni Jónsson, Berg. 14, Guðleifur V. Hjörleifsson, Hofsv. 23.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.
Jakob Möller.

Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pjetursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 20. sept., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Köllunarkletts-bletti við Kleppsveg fyrir kr. 10.000.-. Bæjarráð vill ekki nota forkaupsrjett að þeim hluta landsins, sem það hefir ekki þegar ákveðið að taka úr erfðafestu.

2. Lagðar fram umsóknir um meðmæli með veitingaleyfisbeiðnum frá:
   a. Bjarna Guðbjartssyni, Tjarnargötu 10 c
   b. Eggerti Kristjánssyni, Laugavegi 74
   c. Sigurgeiri Jónssyni, Bárugötu 33
   d. Halldóri Guðjónssyni, Grjótagötu 14,
   e. Ragnari Þórðarsyni, Vesturbrú 24, Hafnarfirði.

3. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar frá 18. sept.

4. Lagt fram brjef frá Daníel Hjálmssyni, um þóknun fyrir að gefa fuglum á tjörninni. Bæjarráð vill ekki sinna erindinu.

5. Útsvarsmál.

Guðmundur I. Jónsson, Grund. 11, Blóm & Ávextir, Ástþór B. Jónsson, Fram. 28, Bjarni Odsson, Hringbr. 32, Árni Jóhannesson, Njg. 11, Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, Kirk. 4, Ásbjörn Ól. Jónsson, Hvg. 68 A, Björn Skúlason, Ran 19, Amalía Guðmundsdóttir, Þórsg. 28 A, Brynjólfur Magnússon, Egilsg. 14, Daníel Halldórsson db., Rán. 19, Gísli Gíslason, Landakoti, Guðni Jónsson, Eir. 13, Guðmundur Egilsson, Seljav. 3 A, Hákon Jónasson, Háaleitisvegi 22, Ólafur J. Hvanndal, Óð. 4, Vefstofa T. Müller & Rycl, Jón Hlíðberg, Leifsgötu 12, Jóhann Kristjánsson, Sólv. 12, Sigríður Björnsdóttir, Lgv. 2, Skúli Jóhannsson & Co., Þorkell Þórðarson, Rán. 8, Óli J. Ísfeld, Gunn. 26, Snorri Jónsson, Ægisgötu 10, Daníel Sumarliðason, Bólstað v/Lauf., Kristmundur Ólafsson, Þverv.2, Carl Nielsen, Lvg. 27 B, Jón G. Ólafsson, Art. 6, Froppe, Carla N., Garð. 17.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

REYKJAV...

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 27. septbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 26. þ.m., varðandi rafmagnstengingu við hús á Fossvogsbletti VII. Ákveðið að gefa rafvirkjanum, sem á hlut að máli, kost á að gefa skýringar áður en bæjarráð leggur úrskurð á málið.
2. Rafmagnsstjóra falið að gera tillögur um ráðstöfun jarðarinnar Úlfljótsvatns.
3. Erindi Húsmæðrafjelagsins varðandi rafmagnsnotkun í Efri-Veiðimannahúsunum á liðnu sumri, vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
4. Samþ. að leyfa Knattspyrnufjel." Val" að gera áburðargryfju úr grásteini á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbl. XIV.
5. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XIX fyrir kr. 20.000.-.Hafnað.
6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti V fyrir kr. 16.000.- . Hafnað.
7. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti VI fyrir kr. 9.500.-. Hafnað.
8. Sólmundur Einarsson, Vit. 10, sækir um leyfi til þess að mega flytja refabú sitt á holtið innan við Lækjarhvamm. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
9. Lagt fram brjef frá stjórn verkamannafjelagsins " Dagsbrún", dags. 19. þ.m., um að bæjarstjórn geri vinnusamning við fjelagið . Falið borgarstjóra til meðferðar.
10. Magnús Pétursson hjeraðslæknir fer fram á, að bæjarsjóður greiði honum einhvern hluta bifreiðarkostnaðar frá þeim tíma, er hann notaði eigin bifreið til embættisferða um bæinn.
11. Sakadómari leggur til að keypt verði ný bifreið fyrir rannsóknarlögregluna. Falið borgarstjóra til meðferðar.
12. Lögreglustjóri leggur til að börnum 12 - 16 ára verði bannað að vera á almannafæri eftir kl. 21 á tímabilinu frá 1. okt. til 1. maí, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.
13. Lagt fram brjef Fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 24. þ.m., varðandi fyrirhugaða lántöku bæjarsjóðs.
14. Jón B. Jónsson, Efri-Hlíð, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
15. Kristinn P. Friðriksson sækir um leyfi til þess að reka söluvagn við höfnina. Bæjarráðið vill fyrir sitt leyti ekki veita leyfið.
16. Samþ., skv. heimild bæjarstjórnar, að greiða kr. 15.000.- til sumardvalastarfsemi Rauða Krossins og fleiri fjelaga.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jakob Möller,
Bjarni Benediktsson.

Guðm. Eiríksson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 4. oktbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Samþ. að leyfa byggingu geymsluhúss úr timbri og járni á erfðafestulandinu Laugarásbletti XX.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbl. XXXVII fyrir kr. 1690.--. Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. IV fyrir kr. 12.500.- . Hafnað.
4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabl. V fyrir kr. 14.600.-. Hafnað.
5. Niels Hansen fer fram á að leigusamningur um lóð við Köllunarklettsveg, dags. 30. nóv. 1931, verði framlengdur um 30, til vara 20 ár. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.
6. Lagt fram brjef frá Gísla Sigurðssyni kennara, dags. 1.þ.m., varðandi byggingu einlyfts íbúðarhúss við Baugsveg. Bæjarráð vill ekki leyfa byggingu einlyfts húss á þessum stað.
7. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 25. f.m., með tilkynningu um brjef ráðuneytisins til Fiskimálanefndar um forkaupsrjett bæjarins að frystivjelum nefndarinnar í íshúsinu við Skothúsveg.
8. Lagt fram brjef Guðm. Þorsteinssonar lögg. rafvirkja, dags. 3. þ.m., um viðskifti hans við Byggingarfjelag verkamanna út af rafmagnslögnum í húsum fjelagsins í Rauðarárholti. Vísað til rafmagnsstjóra til umsagnar.
9. Vigfús Guðmundsson frá Borgarnesi sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
10. Páll G. Þormar sækir um leyfi til þess að reka knattborðsstofu í bænum.
11. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 1.þ.m.
12. Lögð fram skýrsla gasstöðvarstjóra um tilraunir sem undanfarið hafa verið gerðar til gasframleiðslu úr mó frá Búðum og af Kjalarnesi.
13. Bæjarráð vill veita styrk úr bæjarsjóði til starfrækslu barnaheimilis á stærð við það, er talað er um í tilboði barnavinafjel. Sumargjöf, dags. 28. f.m., og er starfi allt árið, en ef slíku heimili verður ekki komið á fót vill bæjarráð styrkja lítið upptökuheimili, sem starfi nú í vetur.
14. Lagður fram tillögu uppdráttur Sigurðar Guðmundssonar arkitekts að breyttu skipulagi í Grjótaþorpi og nágrenni. Vísað til bæjarverkfræðings og húsameistara bæjarins til umsagnar.
15. Rætt um skuldabrjefalántöku bæjarsjóðs. Bæjarráð leggur til að sá hluti lánsins, sem ætlað er að endurgreiða á 15 árum (2 milj.) verði boðinn út með 5 1/2 % raunverulegum vöxtum. Að öðru leyti leggur bæjarráð til að tillaga um lántökuna, sem lögð var fram á fundi bæjarstjórnar 3.þ.m., verði samþykkt óbreytt.
    Ákveðið að halda aukafund í bæjarstjórn næstk. þriðjudag til þess að leiða lántökumálið til lykta.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson.

Jakob Möller.
Bjarni Benediktsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 11. október, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram frumvarp að nýrri gjaldskrá fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur með greinargerð rafmagnsstjóra. Frumvarpinu vísað til bæjarstjórnar.
2. Lagt fram brjef frá Guðm. Þorsteinssyni lögg. rafvirkja varðandi rafmagnstengingu hússins á Fossvogsbl. VII. Rafmagnsstjóra falið að leiða málið til lykta.
3. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi Guðm. Þorsteinssonar lögg. rafvirkja, dags. 3.þ.m., þar sem beiðst er aðstoðar Rafmagnsveitunnar út af viðskiftum hans við Byggingarfjelag verkamanna.
   Bæjarráð telur ekki heimilt að veita umbeðna aðstoð.
4. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða úr bæjarsjóði rafmagnsnotkun í Efri-veiðimannahúsunum við Elliðaár síðastl. sumar.
5. Samþ. að leggja vatnsæð að suður-tjörninni enda leggi Skautafjelagið til pípur og drykkjarvatni verði ekki veitt á tjörnina nema að nægilegt vatn verði til þarfa bæjarbúa.
6. Synjað erindi Guðfinnu Jóhannsdóttur, Lvg. 42, um erfðafestuland í Rauðarárholti.
7. Lögð fram umsókn frá Pétri Hoffmann um að fá íshúsið við Tjarnargötu á leigu í vetur til ísgeymslu. Samskonar umsókn, munnleg, hefir borist frá Ólafi Þórðarsyni, Fjólugötu 11.
8. Lögð fram umsókn Sverris Sigurðssonar, Hringbr. 208, um að fá efri veiðimannahúsin á leigu í vetur.
9. Samþ. að leyfa Sveini Guðjohnsen, Bald. 6 A, að starfrækja söluskúr í Skólavörðuholti eftir tilvísun bæjarverkfræðings og um óákveðinn tíma eftir ákvörðun bæjarráðs.
10. Póst- og símamálastjórnin tilkynnir að hún hafi keypt húseignina Aðalstræti 11 og 11 B, ásamt trjágarðinum á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis, sem er erfðafestuland. Bæjarráð telur að bjóða beri bæjarsjóði forkaupsrjett að erfðafestulandinu.
11. Lagt fram brjef frá fjelagsmálaráðuneytinu, dags. 10. þ.m., varðandi húsnæðisvandræðin í bænum. Bæjarráð samþykkir að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til að fólki búsettu í bænum verði tryggður forgangsrjettur að íbúðum þeim sem til eru.
12. Lagt fram brjef frá Steindóri Einarssyni með beiðni um, að mega hafa bifreiðaafgreiðslu á lóð sinni á milli Hafnarstrætis og Tryggvagötu. Ákveðið að fá umsögn lögreglustjóra.
13. Höjgaard & Schultz A/S. tilkynna að trjesmiðafjelag Reykjavíkur hafi gert verkfall hjá firmanu.
14. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og barnaverndarráð skora á bæjarstjórn að banna útivist barna yngri en 14 ára eftir kl. 7 1/2 að kvöldi í vetur.
15. Páll G. Þormar sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Lögð fram brjef frá Halldóri Guðjónssyni o.fl. og Jóni B. Jónssyni varðandi umsóknir þeirra um meðmæli til að fá veitingaleyfi.

17. Lagt fram brjef fjármálaráðuneytisins varðandi útsvarsgreiðslu líftryggingarfjelagsins Andvöku nú á yfirstandandi ári. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

settur.

Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.
Jakob Möller. Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 18. oktbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXI fyrir kr. 10.000.-. Bæjarráð hafnar forkaupsrjetti og mun samþykkja framsal erfðafesturjettarins með því skilyrði, að landið verði óskift sameign áfram.

2. Samþ. að framlengja leigusamningi um lóð Niels Hansen við Köllunarklettsveg um 10 ár frá 1. jan. 1941, enda verði leiguskuld greidd jafnhliða.

3. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að gera leigusamning við h.f. Max Pemberton um Mjölnislóðina(áður leigulóð h.f. Otur) til 10 ára.

4. Erindi skólastjóra Skildinganesskólans um að lóðin við skólahúsið Baugsveg 7 verði girt vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
5. Lagt fram brjef frá Sveini Sveinssyni, Grund. 2, varðandi afhendingu á mó frá Bakka á Kjalarnesi.
6. Rætt um útboð skuldabrjefaláns skv. ályktun bæjarstjórnar 8.þ.m. Ákveðið að bjóða báða lánsflokkana út með 5% nom. ársvöxtum og selja skuldabrjef I. flokks ( til 3ja ára) fyrir nafnverð, en skuldabrjef II. flokks ( til 15 ára) fyrir 97% af nafnverði.
Gjalddagi vaxtamiða og útdreginna brjefa verði 31. des. ár hvert, í fyrsta sinni 31. desbr. 1941.
Þriggja ára lánið endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum, en 15 ára lánið með jöfnum ársgreiðslum ( Annuitetslán). Þó verði bæjarstjórn áskilinn rjettur til að endurgreiða lánið fyr.
Upphæð skuldabrjefa verði 5000 kr., 1000 kr., 500 kr. og 100 kr.
Þeir sem kaupa II. flokks brjefin hafi forkaupsrjett að I. flokks brjefum, ef þeir óska þess og að rjettri tiltölu við kaup þeirra á II. flokks brjefum.
Borgarstjóra falið að bjóða lánið út.
7. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 14. þ.m., með tillögu um að settar verði,til reynslu, járngrindur við gangstjettir á krossgötum Austurstrætis, Bankastrætis og Lækjargötu, svo og tillögu um að Kolasundi verði lokað fyrir bifreiða umferð við Hafnarstræti. Síðari tillagan samþ. en fyrri frestað til athugunar.
8. Árni Árnason, Lind. 7 A, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með erindinu.
9. Jóhann Jóhannsson, Þórsgötu 7, sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Sami sækir um leyfi til að reisa söluskúr til veitingasölu nálægt Elliðaánum. Vísað til bæjarstjórnar.
10. Samþ. að ráða Betty Hansen, Lvg. 163, sem starfsstúlku í Sundhöllinni, er Valborg Guðjónsdóttir lætur af störfum.
11. Lagt fram brjef frá landlækni, dags. 15. þ.m., með tillögu um að bæjarsjóður leggi fram þriðjung kostnaðar við að bólusetja börn anatoxúrbólusetningu gegn barnaveiki. Gert ráð fyrir að 4000 - 5000 börn megi bólusetja fyrir ca. 6000 krónur,Samþykkt.
12. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkur fyrir septemberm.
13. Lögð fram skýrsla um handavinnunámskeið Heimilisiðnaðarfjelagsins fyrri helming yfirstandandi árs.
14. Lagt fram brjef Karls Á.Torfasonar, Ólafsdal, viðv. rafmagnshitun á húsi hans, svo og umsögn rafmagnsstjóra um erindið.
Ákvörðun frestað.
15. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra varðandi XV. launaflokk starfsmanna bæjarins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða Helgu Bartels sem skrifara við Rafmagnsveituna með launum eftir XIII. fl. launasamþykktarinnar.

17. Eftir tillögum rafmagnsstjóra var samþ. að gera við svonefnt Schrödershús við Ljósafoss og girða lóðina umhverfis geymsluhúsið við Barónsstíg.

18. Rætt um frv. að nýrri gjaldskrá fyrir Rafmagnsveituna.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 25. október, kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað erindi frá Þorkeli Ingibergssyni og Ingibergi Þorkelssyni um að sameina leigulóð Ragnars Lövdals við Mölnisveg við leigulóð þeirra við sömu götu.
2. Samþ. að gera kröfu til þess, að hús Helga Hallgrímssonar í götustæði Hringbrautar við Gróðrarstöðina verði flutt í burtu fyrir 1. júlí næstk.
3. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 24. þ.m., um fyrirhugaða flugvallargerð brezka setuliðsins í nágrenni bæjarins.
4. Lögð fram umsögn lögreglustjóra um erindi Steindórs Einarssonar dags. 9.þ.m., þar sem hann beiðist þess, að mega hafa bifreiðaafgreiðslu á lóð sinni Hafnarstræti 7.
   Samþ. með 4:1 atkv. að leggja til við bæjarstjórn að bifreiðaafgreiðslu megi hafa á þessari lóð, þó aðeins annaðhvort afgreiðslu áætlunarbifreiða eða smábifreiða til bæjaraksturs, ekki hvorutveggja. Ennfremur sje það skilyrði sett, að bifreiðar aki inn á lóðina frá Hafnarstræti en út af henni á Tryggvagötu. Að öðru leyti verði akstri að lóðinni og frá svo og akstri að og frá lóð Steindórs á horni Aðalstrætis og Hafnarstrætis, hagað í samráði við bæjarverkfræðing.
5. Helgi Tómasson yfirlæknir fer fram á, að bæjarráð skipi annan mann í loftvarnarnefnd í hans stað. Samþ. að verða við tilmælunum og Gunnar Thoroddsen bæjarftr. kosinn í nefndina.
6. Samþ. að leyfa Sólmundi Einarssyni, Vitastíg 10, að hafa refabú í Grensási eftir tilvísun bæjarverkfræðings og um óákveðinn tíma.
7. Lagt fram brjef frá dr. med Helga Tómassyni skátaforingja, dags. 15. þ.m., með beiðni um að Bandalagi íslenzkra skáta verði fengin forráð jarðarinnar Úlfljótsvatns, svo og umsögn rafmagnsstjóra um erindið.
8. Lögð fram beiðni frá Guðrúnu Richter um að fá rafmagnsleiðslu að húsi hennar nálægt Efri-stíflunni við Elliðavatn. Húsið er í landi Vatnsenda. Sömuleiðis lögð fram umsögn rafmagnsstjóra. Bæjarráð getur ekki orðið við erindinu.
9. Lögð fram beiðni Þórðar Þorsteinssonar um að fá vatn og rafmagn að býlinu Sæbóli í Fossvogi. Vísað til bæjarverkfræðings og rafmagnsstjóra til umsagnar.
10. Samþ. að skipa fasta starfsmenn við Rafmagnsveituna Árna Magnússon sem viðgerðarmann spennistöðva og Baldvin Skaftfell sem skrifara. Báðir taki byrjunarlaun skv. VIII. launaflokki.
11. Lagðar fram skýringar rafmagnsstjóra á fylgiskjölum með greinargerð hans fyrir frv. að nýrri gjaldskrá.
12. Lögð fram umsókn breska setuliðsins um taxta c.1 fyrir rafmagn, er liðið kann að nota í vetur í hermannaskálunum. Rafmagnsstjóra falið að gefa nánari skýrslu um rafmagnsnotkun liðsins.
13. Lagt fram brjef frá Guðmundi I. Guðmundssyni hrmflm. varðandi deilu Trésmiðafjelags Reykjavíkur við A/S. Höjgaard & Schultz.
14. Synjað erindi Þorbergs Skúlasonar um hækkun á greiðslu fyrir hreinsun í ákvæðisvinnu, umfram. verðlagsuppbót.
15. Forstöðunefnd Kvennaskólans sækir um hækkun á styrks til skólahaldsins.
16. Samþ. að greiða verðlagsuppbót á laun stundakennara við barnaskólana.
17. Rætt um verðlagsuppbót af eftirlaunum . Ákvörðun frestað og borgarstjóra falið að athuga málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Þórarinn Guðmundsson, Lvg. 13, og Jón Ivars, fara fram á að veitingaleyfi Þuríðar Þórarinsdóttur verði yfirfært á þeirra nefn. Vísað frá.

19. Synjað erindi Engilberts Hafbergs um leyfi til að hafa kaffivagn á leigulóð Geysis við Kalkofnsveg.

20. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 23. þ.m.

21. Kv. Grönvold, Bjark. 4, biður um leyfi til að hafa sölusýningu á íslenzkum listaverkum í afgreiðslustófu matvælaseðlaúthlutunarinnar í Tryggvagötu 28. Synjað.

22. Bæjarráð vill ekki leigja lóð við Defenssorsstöðina Álfheima eða selja húsin til lýsisverkunar eða beinamjölsverksmiðju.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

| | |
|---|---|
| Guðm. Ásbjörnsson. | Jón Axel Pétursson. |
| Helgi H. Eiríksson. | Guðm. Eiríksson. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 1. nóvbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist :

1. Samþ. að gefa Einari Sveinssyni, Víðimel 58, kost á leigulóðunum nr. 9 og 11 við Kaplaskjólsveg.
2. Synjað beiðni Axels Björnssonar, Öld. 34, um leyfi til að byggja timburskúr á lóðinni nr. 133 við Laugaveg.
3. Lögð fram matsgerð dómkvaddra matsmanna á endurgjaldi, er bæjarsjóði beri að greiða fyrir erfðafestulandið Ullarstofutún, skv. dómi hæstarjettar 27. marz 1939.
4. Lagt fram brjef frá A/S Höjgaard & Schultz, dags. 29. f.m., með skýrslu um framkvæmdir firmans í hitaveitumálinu.
5. Bæjarráð samþykkir að taka boði atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins í brjefi, dags. 30. f.m., um að ráðuneytið fari með kröfu bæjarsjóðs á hendur brezka setuliðinu um skaðabætur fyrir sjerstakt slit á vegum bæjarins. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að gera kröfurnar og fara með málið við ríkisstjórnina.
6. Bæjarráð ákveður að halda fast við kröfu um endurgreiðslu af hálfu brezka setuliðsins á kaupi fastra starfsmanna barnaskólanna þann hluta skólaársins, sem skólarnir voru hernumdir
7. Borgarstjóra falið að gera leigusamning um lóð við Defenssorsstöðina til ársloka 1943.
8. Ákveðið að verða við beiðni Gísla Sigurðssonar kennara um leigulóð fyrir lítið timburhús. Bæjarverkfræðingi falið að útvísa lóðinni í Fjelagstúni.
9. Erindi Stjettarfjelags barnakennara í Reykjavík, dags.3.apríl 1940, um að fastir kennarar við skólana fái sama tímakaup fyrir aukakennslu sem stunda- og forfallakennurum er greitt, vísað til bæjarstjórnar. Bæjarráð mælir með erindinu.
10. Lagt fram brjef frá kennurum við Austurbæjarskólann varðandi launakjör Valgeirs Pálssonar, sem hefir haft dyravözlu með höndum í skólanum.
11. Bæjarráð vill ekki að svo stöddu beita sjer fyrir því, að brunabótavirðingar í bænum verði hækkaðar,vegna alm. verðhækkunar, með löggjafarákvæðum.
12. Framkvæmdarnefnd sumardvala barna (Rauði Kross Íslands o.fl. fjelög) sækja um 5000 kr. styrk til starfseminnar, til viðbótar áður veittum kr. 25.000.-.
13. Veitingamannafjelag Reykjavíkur fer fram á að bæjarstjórn dragi að sjer hendina um að veita meðmæli til að menn fái veitingaleyfi.
14. Þórarinn Guðmundsson, Lvg. 13, fer fram á að bæjarstjórn mæli með því, að hann fái veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
15. Jón Baldvin Guðmundsson, Bergþ. 10, óskar eftir meðmælum til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
16. Samþ. að Þorsteinn Eiríksson verði skipaður viðgerðarmaður við spennistöðvar hjá Rafmagnsveitunni og taki laun skv.VIII launaflokki.
17. Rafmagnsstjóra heimilað að leyfa Guðrúnu Richter að leggja á eigin kostnað rafmagnsleiðslu frá stífluhúsinu við Elliðavatn að sumarbústað hennar og selja henni allt að 350 wött raforku. Það skilyrði er sett að taka megi leiðsluna úr sambandi eftir ákvörðun ragmagnsstjórnar.
18. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um dvalarstaði brezka setuliðsins í Reykjavík þar sem rafmagn er notað.
19. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bilanir, sem orðið hafa á rafmagnskerfi bæjarins nú í haust.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20. Rætt um frv. að nýrri gjaldskrá fyrir Rafmagnsveituna.

21. Útsvarsmál:

Magnús Magnússon, Túng. 41, Vigdís Pjetursdóttir, Háv. 41 Ólafur Thorlacius, Lvg. 69, Steinberg Jónsson, Amt. 6, Guðmundur Jónsson, Klapp. 12, Atli Eiríksson, Lvg. 159 A, Heimskringla h/f., Gunnlaugur M. Bjarnason, Lvg. 18 B, Steinunn Sigurðardóttir, Skólav. 22, Eiríkur S.Beck, Fram.16, Þórólfur Ólafsson, Garð.11, Þorsteinn Jónsson, Lind. 41, Alfred Þ. Kristinsson, Lvg.49 B, Jónas Björnsson, Grett.57, Hjörtur Clausen, Rauð.13 A, Sveinn J. Ásmundsson, Framnesv. 14, Hannes Guðlaugsson, áður Urð.8.-

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Guðm. Eiríksson.

Jón Axel Pétursson.
Jakob Möller,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 8. nóvbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1, Samþ. að ráða frú Margrjeti Hjaltested á ný til skrifstofustarfa hjá Rafmagnsveitunni. Laun skv. XIII. flokki launasamþ.

2. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Laugarásbletti VI fyrir kr. 4250.-. Hafnað.

3. Byggingarfjelag verkamanna fer fram á, að lagfærðar verði götur við húseignir fjelagsins í Rauðarárholti. Vísað til bæjarverkfræðings.

4. Lögð fram tillaga um hitaveitumálið, er bæjarstjórn vísaði til bæjarráðs á fundi 7. þ.m.

5. Samþ. að greiða Valgeiri Pálssyni 300 kr. mánaðarlaun fyrir dyravörslu við Austurbæjarskólann á yfirstandandi skólaári.

6. Filippus Sigfússon, Hafn. 16, sækir um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi.

7. Helgi H. Eiríksson bæjarftr. kosinn í loftvarnanefnd í stað Gunnars Thoroddsen bæjarftr., sem biðst undan því, að starfa í nefndinni.

8. Lögð fram tillaga Jóns A. Pjeturssonar er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 7. þ.m. varðandi tilmæli til togaraútgerðarmanna um að þeir greiði auka-útsvar á þessu ári til hafnarbóta fyrir mótorbátaútveginn.

9. Útsvarsmál: Þorsteinn Sigurðsson, Grett. 13, Ágúst N. Benjamínsson, Karlagötu 6, Goodman, Albert, Garð.33, Guðmundur Jónsson, verkfr. db., Nielsen, Chr. N. db., Bárug. 18, Sólveig Jóhannesdóttir, Karl. 5, Þórður E. Halldórsson, Klapp. 38, Halldór Sveinsson, Suðurg. 13, Fríða G. Árnadóttir, Hringbr. 204.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Helgi H. Eiríksson. Guðm. Eiríksson.

11. Útsvarsmál: Þorsteinn Sigurðsson, Grettisg. 13 A.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 15. nóvbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla bæjarverkfræðings um móflutningafrá Grundarfirði.

2. Lögð fram brjef frá Sveini Sveinssyni, Halldóri Björnssyni og Jóni Finnbogasyni, varðandi skifti við bæjarsjóð út af mókaupasamningum á síðastl. vori. Falið borgarstjóra til meðferðar.

3. Lögð fram umsögn rafmagnsstjóra um erindi Þórðar Þorsteinssonar, Sæbóli í Fossvogi, varðandi raflögn að býli hans. Ákveðið að Rafmagnsveitan leggi ekki raflögnina að svo stöddu. Hinsvegar hefir bæjarráð ekki á móti því að Þórður tengi vatnsæð að húsinu við lögn brezka setuliðsins í Fossvogi, en þó því aðeins að bæjarverkfræðinur samþykki frágang á lögninni.

4. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra með skýrslu um notkun vörubifreiða Rafmagnsveitunnar.

5. Tillaga rafmagnsstjóra um götuljós við Einholt og Meðalholt samþykkt.

6. Samþ. að veita Guðjóni Guðmundssyni, Leifsgötu 32, löggildingu til að starfa við lágspennuveitur hjer í bænum.

7. Skólastjóri Miðbæjarskólans fer fram á að settur verði dyravörður við hliðið á girðingu um leiksvið skólans. Synjað.

8. Lagt fram brjef forstjóra Sundhallarinnar með tillögu um að leitað verði eftir tilboðum um slysatryggingu fyrir gesti Sundhallarinnar. Falið borgarstjóra til athugunar.

9. Sverrir Sigurðsson, Hringbraut 208, og Sigríður Einarsdóttir, Þvervegi 4, fara fram á,að fá meðmæli til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

10. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemi í október síðastl.

11. <u>Útsvarsmál:</u> Þorsteinn Sigurðsson, Grettisg. 13 A.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Jakob Möller. Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 22. nóvbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 20. þ.m.
2. Sigríður Pálsdóottir, Skólav. 8, fer fram á að mælt verði með beiðni hennar um veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með erindinu.
3. Borgarstjóra heimilað að ráða mann til dyravörslu við Laugarnesskólann.
4. Beiðni Stefáns Stefánssonar, Mánagötu 5, um land til rabarbararæktunar vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
5. Borgarstjóra heimilað að leigja Ólafi Þórðarsyni íshúsið við Tjarnargötu til ísgeymslu nú í vetur.
6. Lagðar fram matsgerðir lóðamatsnefndar á leigulöndum h.f. Hængs í Kaplaskjóli, Landsbankans við Haga og Steindórs Einarssonar við Sellandsstíg.
7. Samþ. að setja upp kassa með öryggistækjum við tjörnina í samvinnu við Slysavarnafjelagið, skv. tillögum fjelagsins í brjefi 14. þ.m.
8. Umsjónarmaður Sundlauganna tilkynnir að töluverð brögð sjeu að því að fatapokar og herðatrje hverfi þaðan.
9. Lagt fram brjef frá fjelagsmálaráðuneytinu, dags. 14. þ.m., varðandi meðferð atvinnubótafjár á næsta ári.
10. Lagt fram brjef frá Landssambandi iðnaðarmanna með tilmælum um að á næsta ári verði veitt fje í fjárhagsáætlun bæjarins til byggingar barnaskóla, iðnskóla og gagnfræðaskóla.
11. Lagður fram reikningur Reykjavíkurkaupstaðar árið 1939.
12. Rafmagnsstjóra heimilað að leigja Bandalagi ísl. skáta jörðina Úlfljótsvatn í samráði við borgarstjóra.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson.
settur.

Jakob Möller. Jón Axel Pétursson.
Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. Eiríksson.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Ásbjörnsson. Jón Axel Pétursson.
Jakok Möller. Guðm. Eiríksson,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1940, föstudaginn 29. nóvbr. kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Settur borgarstjóri bað fundarmenn að minnast Péturs Halldórssonar borgarstjóa, er andaðist 26. þ.m., með því að rísa úr sætum sínum - og var það gert.
2. Lagt fram brjef frá K. Langvad verkfræðings f.h. Höjgaard & Schultz, Reykjavík, þar sem bæjarráði og bæjarstjórn er vottuð hluttekning vegna fráfalls borgarstjóra.
3. Bæjarráð ákvað að heiðra minningu borgarstjóra, með því að sjá um útför hans.
4. Synjað beiðni Sigurðar Auðbergssonar um leigulóð með húsinu Egilsstaðir við Sundlaugaveg.
5. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXV með húseigninni Hraunborg fyrir kr. 15.964.95. Hafnað.
6. Björn Benediktsson fer fram á að leigutími iðnaðarlóðar hans við Hringbraut og Holtsgötu verði ákveðinn 70 ár í stað 30 ára sem nú er. Bæjarráð samþykkir að framlengja leigutímann um 20 ár upp í 50ár .
7. Lögð fram umsögn borgarritara um erindi Jóns Ásbjörnssonar hrmflm., dags. 7. febr. 1940, um að bæjarsjóður greiði Fríkirkjusöfnuðinum andvirði fyrir lóðarhluta sem farið hafa undir götur við kirkjuna, Fríkirkjuveg og Skálholtsstíg. Ákveðið að senda hæstarjettarmálaflutningsmanninum umsögnina.
8. Sigurður Árnason, Bergi við Suðurlandsbraut fer fram á að fá húseignina keypta. Frestað til athugunar.
9. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra um bilanir, sem urðu á rafmagnsleiðslukerfi bæjarins 20. þ.m.
10. Samþ. að ráða Martein Steindórsson til starfa í skrifstofum Rafmagnsveitunnar fyrst um sinn, í stað Halldórs heitins Árnasonar.
11. Lögð fram skýrsla um starfsemi Námsflokka Reykjavíkur á yfirstandandi ári.
12. Bæjarráð ákveður að greiða ekki farmiða með strætisvögnum fyrir börn sem sækja skóla í öðru skólahverfi en heimili þeirra er í .
13. Friðgeir Skúlason, Fisch.3, óskar eftir meðmælum bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.
14. <u>Útsvarsmál:</u> Lárus Ottesen, Lvg. 134. Sæfari h.f., Sigurður Benjamínsson, Hverf. 73, Ágúst Pálsson, Lækjarg. 3. Jón Dahlmann áður Lvg. 46. Halldór P. Dungal, Njálsg. 110.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jakok Möller.

Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, miðvikudaginn 4. desbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Rætt um hitaveitumálið.

Ákveðið að reyna að fá frá Englandi það efni hitaveitunnar, sem enn er ókomið til landsins.

Lagði borgarstjóri fram frv. að almennum útboðsskilmálum um kaup á þessu efni í Englandi og var það samþ., nokkuð breytt. Ákveðið að leita tilboða í Englandi, fyrir milligöngu íslenzku ríkisstjórnarinnar og sendiherra Breta hjer.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Ásbjörnsson.
Guðm. Eiríksson.

Jakob Möller.
Jón Axel Pétursson.

Marteinn Davíðsson, [illegible] Ísak Kr. Jónsson, Lg,16[illegible]
Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, Hvg. 35, mótmæli við rjetta

14. Bæjarráð felur borgarstjóra að bera fram mótmæli við rjetta hlutaðeigendur yfir því að byrjað er á byggingu á lóðinni nr. 6 við Túngötu. Telur bæjarráð óhæft að hús verði reist á þessum stað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jón Axel Pétursson.

Guðm. Eiríksson.
Helgi H. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 6. desbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstr. 16.

Þetta gerðist:

1. Eftir tilmælum Byggingarfjelags trjesmiða og Byggingarfjel. Borg var frestað að taka ákvörðun um úthlutun byggingarlóða í Fjelagstúni til 1. febr. næstk.
2. Samþ. að auka götulýsingu á gatnamótum Ingólfsstrætis og Bankastrætis, Lækjargötu og Bankastrætis, Pósthússtrætis og Austurstrætis, Hverfisgötu og Lækjartorgs, svo og á Lækjartorgi, eftir tillögum rafmagnsstjóra í brjefi 5.þ.m.
3. Bæjarráð vill ekki, að svo stöddu, sinna beiðni um götuljós hjá Sogamýrarbl. LIV, Sogamýrarbl. XXVI og við vegarspotta frá Kaplaskjólsvegi að Austurkóti.
4. Lagt fram erindi aðalslökkviliðsmanna um breytt launakjör. Farið fram á fasta mánaðarþóknun, eða að greiðsla fyrir fyrstu klst. hækki úr 6 í 10 kr. um tímann og síðan úr 3 í 5 kr. á tímann. Bæjarráð leggur á móti þessum tilmælum, en leggur hinsvegar til að slökkviliðsmönnum verði greidd verðlagsuppbót á kaup þeirra frá 1. jan. 1940.
5. Lögð fram skýrsla um lögreglurjettarrannsókn út af íkviknun í hermannaskála við Stúdentagarðinn 16. nóvbr. síðastl. Borgarstjóra falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að komið verði á samvinnu milli slökkviliðs breska setuliðsins og varðliðs Slökkvistöðvarinnar.
6. Samþ. að greiða baðvörðum Miðbæjarskólans kaup frá 15. oktbr. Jón A. Pétursson vildi greiða kaupið frá 1. oktbr.
7. Erindi Fanneyjar Tryggvadóttur um kauphækkun fyrir baðvörslu vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.
8. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um leigumat lóðarmatsnefndar á lóðunum: Fiskreitalöndum Hængs í Kaplaskjóli, við Haga, á Kirkjusandi eystri, lóð Steindórs Einarssonar við Sellandsstíg, lóðunum nr. 15 og 17 við Rauðarárstíg, Þverholti 21 og Nafta við Kleppsveg. Samþ. að áfrýja ekki matsgerðunum.
9. Lagt fram brjef Fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 10. nóvbr., með bendingum varðandi samningu fjárhagsáætlana sveitar- og bæjarfjelaga fyrir árið 1941.
10. Egill Vilhjálmsson óskar eftir því að fá keypta lóðina nr. 118 við Laugaveg. Bæjarráð synjar erindinu.
11. Lagt fram brjef frá setuliði Breta með beiðni um vatn frá Reykjum til upphitunar á sjúkrahúsbyggingum við Helgafell, svo og umsögn bæjarverkfræðings um erindið.
12. Lagt fram brjef frá bátafjelaginu " Björg", dags. 27. f.m., þar sem kvartað er yfir aðbúnaði smábáta hjer í höfninni, svo og umsögn hafnarstjóra um erindið, dags. 6. þ.m. Málinu vísað til hafnarstjórnar.
13. Útsvarsmál. Magnús Helgason f.skólastjóri db., Kristín Bjarnadóttir, Týsg. 1, Sveinbjörn Kristjánsson, Hvg. 39, Marteinn Davíðsson, Grett. 33, Karl Hirst, Undralandi, Aðalbjörg Sigbjörnsdóttir, Hvg. 35, Ísak Kr. Jónsson, Lg,162
14. Bæjarráð felur borgarstjóra að bera fram mótmæli við rjetta hlutaðeigendur yfir því að byrjað er á byggingu á lóðinni nr. 6 við Túngötu. Telur bæjarráð óhæft að hús verði reist á þessum stað.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Eiríksson.
Helgi H. Eiríksson.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jón Axel Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð

Ár 1940, föstudaginn 13. desbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram brjef til bæjarverkfræðings frá herstjórn brezka setuliðsins með boði um að setuliðið greiði ca. 25 þús. kr. á ári fyrir vatn, er það tekur úr vatnsveitu bæjarins. Bæjarráð telur ekki fært að sætta sig við minna en 40 þús. kr. ársgreiðslu.
2. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi heimilað að semja við herstjórn setuliðsins um afnot nokkurra lítra af heitu vatni á Reykjum til hitunar spítalabygginga setuliðsins við Helgafell.
3. Lagt fram brjef frá Samúel Ketilssyni og Magnúsi Víglundssyni með beiðni um leigulóð til verksmiðjureksturs á horni Framnesvegar og Grandavegar. Frestað til athugunar.
4. Samþ. að gefa Stefáni Einarssyni, Ragnari Lövdahl, Karli Eiríkssyni og Magnúsi V. Jóhannessyni kost á leigulóðum til íbúðarhúsabygginga austan Höfðavegar ( Höfðatúns), eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings. Byggingarfjelag trjesmiða og byggingarfjel. Borg samþykkja fyrir sitt leyti þessar ráðstafanir í brjefi, dags. 10.þ.m.
5. Lagðar fram matsgerðir lóðarmatsnefndar á leigu eftir lóðir h.f. Max Pemberton, Fiskkassagerðarinnar og Vinnufatagerðarinnar allar í Rauðarárholti. Bæjarráð samþ. að áfrýja ekki matsgerðunum.
6. Rætt um hitaveitumálið, sendingu útboðslýsinga til Ameríku og fleiri atriði.
7. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 10. desbr.
8. Lögð fram umsögn skólastjóra Austurbæjarskólans um baðvörslu í skólanum.
9. Umsjónarmaður Austurbæjarskólans fer fram á frí frá störfum 15. jan. til 15. maí næstk.
10. Hjúkrunarfjelagið Líkn fer fram á 5000 kr. árlegan styrk til ungbarnaverndar fjelagsins og 3000 kr. aukinn styrk til berklavarna.
11. Meirihluti bæjarráðs leggur til að h.f. Gamla Bíó verði veitt leyfi til kvikmyndasýninga í húsi fjelagsins við Ingólfsstræti gegn því að fjelagið greiði fyrst um sinn og þar til annað verður ákveðið, kr. 30.-- árlegt gjald í bæjarsjóð fyrir hvert sæti í sýningarsal hússins. Ennfremur verði bæjarstjórn áskilinn forkaupsrjettur að fyrnefndri húseign fjelagsins, svo og hlutabrjefum í fjelaginu, ef ætlað er að selja þau öðrum en núverandi hluthöfum.
12. Meirihluti bæjarráðs leggur til að gjald til bæjarráðs fyrir leyfi til kvikmyndasýninga í húsi h.f. Nýja Bíó, Austurstræti 22 B, verði ákveðið fyrst um sinn og þar til bæjarstjórn gerir aðra ákvörðun, kr. 30.oo á ári fyrir hvert sæti í sýningasal hússins.
13. Jón A. Pétursson leggur til að bæjarstjórn taki rekstur kvikmyndasýninga í bænum í sínar hendur og feli borgarstjóra að leita samninga við núverandi eigendur kvikmyndahúsanna um kaup á þeim.
14. Útsvarsmál:
Sigurjón Guðjónsson, Fjöln. 1, Gísli Gíslason, Landakoti, Bjarni Guðmundsson, Veghúsastíg 3, Guðrún J. Þórðardóttir, Óð. 24, Hermann K. Guðmundsson, Klapp. 11.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Guðm. Ásbjörnsson.
Jakob Möller.

Jón A. Pétursson.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1940, föstudaginn 20. desbr., kl. 5 e.h., hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Synjað beiðni Páls Jónssonar, Leifsgötu 23, um leyfi til þess að reisa söluskúr á horni Barónsstígs og Njálsgötu.
2. Samþ. að setja upp aðvörunarmerki fyrir bifreiðarstjóra á vegamótum Vonarstrætis og Suðurgötu.
3. Að gefnu tilefni í brjefi lögreglustjóra, dags. 16. þ.m., ályktar bæjarráð að lýsa því yfir, að það vill ekki leyfa föst bifreiðastæði í Pósthússtræti, á milli Austurstrætis og Hafnarstrætis, en bendir á að ætla megi lögreglubifreiðunum stæði á " planinu" norðan Hafnarstrætis 15.
4. Lagt fram brjef fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 12. þ.m., með tilkynningu um að hin nýja gjaldskrá Rafmagnsveitunnar hafi verið staðfest.
5. Erindi íbúa við Nýlendugötu um að borið verði ofaní götuna og henni lokað fyrir bifreiðaumferð vísað til bæjarverkfræðings til athugunar og afgreiðslu að því er ofaníburð snertir.
6. Lögð fram greinargerð bæjarverkfræðings um samvinnu bæjarslökkviliðsins og slökkviliðs setuliðsins.
7. Lögð fram tillaga Haraldar Guðmundssonar, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 19. þ.m., varðandi skýrslur um framkvæmdir í hitaveitumálinu. Bæjarverkfræðingi falið að gefa umbeðnar skýrslur.
8. Bæjarráð vill verja allt að kr. 1000.-til aksturs lögregluþjónum bæjarins með strætisvögnum árið 1940.
9. Lögð fram skýrsla rafmagnsstjóra, dags. 14. þ.m., um rjettarrannsókn, sem farið hefir fram vegna bruna sem varð síðastliðið sumar í húsinu Brú á Grímsstaðaholti.
10. Eftir beiðni íbúa í Laugarneshverfi og að fenginni skýrslu rafmagnsstjóra var samþ. að setja, svo fljótt sem unnt er, götuljós við Laugarnesveginn á svæðinu frá Suðurlandsbraut að Kirkjubólsbrú.
11. Samþykkt að fallast á tillögu rafmagnsstjóra um útreikning á þóknun til Kristjóns Þorvarðssonar fyrir störf hans hjá Rafmagnsveitunni.
12. Samþ. að skipa Óskar Árnason verkstjóra hjá Rafmagnsveitunni með launum skv. VI. fl.,sömuleiðis Harald Lárusson. Þá var Sveinbjörn Sveinbjörnsson skipaður vjelaviðgerðarmaður með launum skv. VII. flokki.
    Enn voru Pétur Jónsson og Hallur Þorleifsson skipaðir aðstoðarmenn með launum skv. VI. flokki og Einar Guðjónsson bókari með launum skv. VII. flokki. Þessar skipanir gilda frá 1. janúar 1941.
13. Bæjarráð samþykkir að pylsuvagnar þeir, sem til þessa hafa verið við Útvegsbankann, suður og austurhlið, hverfi þaðan. Jafnframt samþ. að ætla þeim fyrst um sinn afgreiðslustæði í Kolasundi, eftir nánari tilvísun bæjarverkfræðings.
14. Synjað erindum Kolbeins Guðmundssonar og Sigurðar Eyþórssonar um hækkuð laun fyrir störf þeirra við Miðbæjarskólann.
15. Helga M. Nielsdóttir sækir um meðmæli til að fá leyfi til gistihúsrekstrurs og Guðm. Kr. Guðmundsson, Njarð. 39, sækir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi.
16. Samþ. að veita Barnavinafjel. " Sumargjöf" kr. 5000.- styrk úr bæjarsjóði til starfrækslu barnaheimilis í Vesturborg nú í vetur, sbr. fundargerð bæjarráð 4. oktbr.s.l., 13.lið. Færist til gjalda í reikningi 1940, gjaldalið VIII,4.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Lagt fram brjef frá Barnaverndarnefnd með umsögn sakadómara, um lauslæti ungra stúlkna hjer í bænum.

18. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra, dags. 13. þ.m., varðandi greiðslu nokkurra auglýsingareikninga. Falið borgarstjóra til meðferðar.

19. Lögð fram tillaga Sigurðar Jónassonar varðandi kolaverð, svo og tillaga fulltrúa Alþýðuflokksins um ráðstafanir til þess að afla nýs fiskjar og lækka fiskverð í bænum, en þessum tillögum var vísað til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 19. þ.m. Málefnin falin borgarstjóra til meðferðar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
settur.

Jakob Möller.
Guðm. Ásbjörnsson.

Jón Axel Pétursson.
Guðm. Eiríksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur